

Lögmannablaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

4. TBL. 26. ÁRG. 2020



HLUTVERK DÓMSTÓLA
Í LJÓSI DÓMS MDE

8-9

LÖGMENN Á
SAMFÉLAGSMÍÐLUM

14-15

VIÐTAL VIÐ
SKÚLA MAGNÚSSON

20-25



- | | | |
|--|--|---|
| <p>4 BERGLIND SVAVARSDÓTTIR
Áfellingdómur – Hvað svo?</p> <p>6 INGIMAR INGASON
Aukastörf dómara í ljósi sjálfstæðis dómstóla og dómara</p> <p>8 DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON
Hlutverk dómstóla í ljósi dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í Landsréttarmálinu</p> <p>11 EYRÚN INGADÓTTIR
Dagatal dómnefndar um hæfi umsækjenda um embætti dómara fyrir árið 2020</p> | <p>14 ÁSLAUG ÁRNADÓTTIR
Hegðun, atferli og framkoma lögmanna á samfélagsmiðlum</p> <p>18 VIÐTAL VIÐ BÖRK I. JÓNSSON UM LÖGFRÆÐINÖRDA Á FACEBOOK</p> <p>20 VIÐTAL VIÐ SKÚLA MAGNÚSSON:
Spjall um hagnýt atriði fyrir héraðsdómi</p> <p>26 Jóla-Mörður</p> <p>27 INGIMAR INGASON
Notkun lögreglu á bakvaktarþjónustu lögmanna: Bréfaskipti félagsins við embætti lögreglustjóra.</p> | <p>28 HEIÐAR ÁSBERG ATLASON
Er munnlegur málflytningur óþarfi?</p> <p>30 GUÐRÚN OLSEN OG BERGPÓR BERGSSON
Eru lögmenn með einokun á markaði fyrir lögfræðilega þjónustu?</p> <p>32 EYRÚN INGADÓTTIR
Sögur af dr. Gunnlaugi Þórðarsyni</p> <p>34 EYRÚN INGADÓTTIR
Kompás fyrir lögmenn og lögmannsstofur</p> |
|--|--|---|

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður

Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður
netfang: daniel@magna.is

Ritnefnd

Ari Karlsson lögmaður
Arna Pálsdóttir lögmaður
Ágúst Karl Karlsson lögmaður
Guðrún Olsen lögmaður
Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður

Blaðamaður

Eyrún Ingadóttir

Stjórn LMFÍ

Berglind Svavarsdóttir lögmaður, formaður
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, varaformaður
Viðar Lúdvíksson lögmaður, gjaldkeri
Kristín Edwald lögmaður, ritari
Birna Hlín Káradóttir lögmaður, meðstjórnandi

Varastjórn LMFÍ

Eva Halldórsdóttir lögmaður
Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður
Tómas Eiríksson lögmaður

Starfsmenn LMFÍ

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

Forsíðumynd

Skorarhylsfoss, eða Kermóafoss eins og hann nefnist einnig, er perlan í Elliðaárdal. Ljósmyndari: Eyrún Ingadóttir.

PRENTVINNSLA

Litlaprent ehf

UMSJÓN AUGLÝSINGA

Öflun ehf.
Sími: 530 0800
ISSN 1670-2689



Okkar bestu óskir um gleðilega hátíð
með þökkum fyrir viðskiptin á árinu.



Hvað gerir þú við gamla farsímann?



Hvað verður um tölvubúnaðinn þinn?



Geymir þú viðkvæmar upplýsingar á USB lykli?



Hvað verður um gögnin þín?

Gagnaeyðing eyðir hverskyns gögnum og búnaði samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar. Eyðingin sjálf gerist með tætingu og fer kurlíð til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluaðila.

Hafðu samband!

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 -17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örugg eyðing gagna



GAGNAEYÐING

ÁFELLISDÓMUR – HVAÐ SVO?



BERGLIND SVAVARSDÓTTIR LÖGMAÐUR
FORMAÐUR

Á fullveldisdegi okkar Íslendinga fengum við á okkur áfellingisdóm frá Mannréttindadómstól Evrópu er 17 dómara yfirdeildarinnar komust einróma að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði brotið gegn 6. gr. MSE. En hvað tekur nú við? Hefur þessi dómur einhver áhrif á dómsniðurstöður Landsréttar, mun hinn nýi endurupptökudómstóll sem tók til starfa á fullveldisdaginn, reyndar án dómara, verða yfirhlaðinn af endurupptökubeiðnum og hvernig fer með kostnað vegna þeirra mála er þurft að endurflytja fyrir Landsrétti?

Sannanlega er um alvarlegt brot að ræða eins og MDE rekur ítarlega en dómurinn tekur þó sérstaklega fram að engin skylda sé til endurupptöku mála. Í því felst að dómsniðurstöður Landsréttar standa og þar af leiðandi verður ekki séð að dómurinn hafi mikla röskun í för með sér í reynd. Hins vegar er mikilvægt að íslensk stjórnvöld fari vel yfir þær athugasemdir og leiðbeiningar sem fram koma í dóminum og geri nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi.

Þrátt fyrir að MDE hafi metið það svo að niðurstaða hans fæli ekki sér upptöku þegar dæmdra mála þá er viðbúið að einhverjir þeirra málsaðila munu óska eftir endurskoðun mála sinna. Með breytingum á ákvæðum um endurupptöku mála hafa skilyrði til að sækja um endurupptöku fyrir nýjum endurupptökudómstól verið rýmkuð. Nú geta niðurstöður alþjóðlegra dómstóla talist ný gögn eða nýjar upplýsingar og því ættu aðilar að geta beiðst endurupptöku að öðrum skilyrðum uppfylltum. Það verður fróðlegt að fylgjast með hvernig hinn nýi endurupptökudómstóll mun taka á þeim málum, sem vafalaust munu berast.

Þá er jafnframt viðbúið að látið verði reyna á skaðabótaskyldu ríkisins vegna endurflutnings mála fyrir Landsrétti. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum þurfti að endurflytja

14 mál samkvæmt ákvörðun réttarins í kjölfar dóms undirdeildar MDE í mars s.l. en af hálfu ríkisins hefur beiðni aðila um endurgreiðslu kostnaðar vegna endurflutnings málanna verið hafnað. Það er því ekki úr vegi að rifja upp niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 418/1997 en þar var fallist á ábyrgð ríkisins á kostnaði við að endurflytja eitt af hinum svokölluðu fulltrúamálum. Það mál laut að því að aðili höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu og krafðist greiðslu þess kostnaðar er hann hafi orðið fyrir vegna endurflutnings máls fyrir dómstólum. Nánar tiltekið þá hafði áfrýjaður dómur verið felldur úr gildi með dómi Hæstiréttar hinn 7. júní 1995 og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og málinu vísað heim til nýrrar meðferðar. Var sú niðurstaða byggð á dómi Hæstaréttar frá 18. maí 1995 í máli nr. 103/1994 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að „staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómssvaldsins ...“. Málsmeðferð hófst að nýju fyrir héraðsdómi og dómur kveðinn upp í því máli í mars 1996. Gagnaðili áfrýjaði til Hæstaréttar en þar var málið fellt niður án kostnaðar.

Í framhaldinu höfðaði aðilinn mál á hendur íslenska ríkinu til greiðslu þess kostnaðar er hann varð fyrir vegna endurflutnings málsins. Í dóminum tiltók Hæstiréttur að enda þótt meðferð Héraðsdóms Reykjavíkur á málinu að því er varðar úthlutun til dómarafulltrúa og umfjöllun hans um málið hafi verið í samræmi við það sem tíðkast hafði, hafi engu að síður verið brotinn réttur á stefnda við meðferð þessa með þeim afleiðingum að málskot hans til Hæstaréttar ónýttist. Hæstiréttur vísaði til mannréttindasáttmálans og taldi að líta yrði til þess að um brot á mikilvægum grundvallarréttindum væri að ræða og taldi lagagrundvöll vera til þess að telja áfrýjanda ábyrgan fyrir þessu tjóni stefnda. Var íslenska ríkið því dæmt til að greiða umkrafinn kostnað vegna endurflutnings málsins.



1 SYSTEMS **OneRecords** Mála- og skjalakerfi

ÖFLUGT

mála- og skjalakerfi sem hentar vel fyrir LÖGMANNSTOFUR

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Patice lögmenn,
Draupnir lögmenn, Jónatansson
lögmenn



1 SYSTEMS **OneDrag&Drop** Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í
málakerfið á rétt mál með
einni aðgerð.
Draga skjöl á sameiginlega
drifinu yfir í málakerfið
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaðgang.
(spjalddölvulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir

með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

AUKASTÖRF DÓMARA Í LJÓSI SJÁLFSTÆÐIS DÓMSTÓLA OG DÓMARA

Í nóvember sl. ritaði stjórn Lögmannafélagsins bréf til nefndar um dómarastörf þar sem kallað var eftir afstöðu nefndarinnar til aukastarfa dómara en athygli stjórnar hafði verið vakin á löngum lista yfir fjölbreytt aukastörf embættisdómara á öllum dómstigum sem finna má á heimasíðu dómstólasýslunnar.

Í bréfi Lögmannafélagsins er m.a. vísað til ákvæða stjórnarskrárinnar um sjálfstæði og óhæði dómstóla og dómara, dómstólalaga nr. 50/2016, þar sem sú meginregla kemur fram í 1. mgr. 45. gr. að dómara sé óheimilt að taka að sér aukastörf, til nýlegra síðareglna dómara, þar sem finna má ýmis ákvæði sem kveða á um sjálfstæði dómara og til nýlegs álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 9629/2018. Í bréfinu er jafnframt kallað eftir sjónarmiðum nefndarinnar til þess hvort gildandi reglur um aukastörf dómara nr. 1165/2017 samræmist kröfum um sjálfstæði og óhæði dómara í ljósi framangreinds.

Nefnd um dómarastörf vandi á höndum

Í svari nefndar um dómarastörf er vísað til þess að með lögum nr. 50/2016 um dómstóla hafi það m.a. verið markmið löggjafans að breyta þeirri áratugalöngu framkvæmd að dómarar sinntu margvíslegum aukastörfum, m.a. til að skerpa á skilum milli dómvalds annars vegar og löggjafar- og framkvæmdarvalds hins vegar, og koma þannig í veg fyrir vanhæfi dómara vegna aukastarfa sem þeir gegna. Í nefndaráliiti með frumvarpi að lögum um dómstóla komi hins vegar fram að dómarar geti sinnt aukastörfum í undantekningartilfellum sem nefnd um dómarastörf geti heimilað í ljósi heildarmats á aðstæðum dómara og eðli þeirra starfa sem um ræðir í hvert og eitt skipti. Jafnframt komi fram í álitinu að það sé mat þingnefndarinnar að ákvæði 45. gr. umræddra laga girði ekki fyrir að framkvæmdarvaldið geti notið reynslu og þekkingar dómara við undirbúning löggjafar og að seta dómara í úrskurðarnefndum geti komið til greina í einhverjum tilvikum. Segir í bréfinu að í ljósi þeirra misvísandi skilaboða sem fram komi í framangreindri afstöðu sé nefndinni nokkur vandi á höndum auk þess sem hún hafi eftir gildistöku dómstólalaga ákveðið að leyfa nokkurn aðlögunartíma og heimila þeim dómurum sem við gildistöku laganna höfðu verið skipaðir í ýmis aukastörf, að ljúka skipunartíma sínum. Því megi gera ráð fyrir að aukastörfum dómara fækki jafnt og þétt á næstunni.

Endurskoðun reglna í farvatninu

Fram kemur að nefndin hafi í nokkrum tilvikum hafnað umsókn dómara um að gegna aukastarfi á grundvelli framangreindra reglna. Nefnd um dómarastörf hafi einnig brýnt fyrir dómurum að leita heimildar nefndarinnar áður en þeir þiggja skipun í nefnd eða taka að sér önnur aukastörf, en einhver misbrestur sé á að slíkt sé gert, auk þess sem ráðuneyti auglýsi iðulega skipun nefndarmanna áður en leyfi nefndarinnar liggur fyrir. Loks segir í svarinu að við veitingu nefndarinnar á heimildum til aukastarfa hafi hún það sjónarmið í huga að óeskilegt sé að aukastarf leiði í einhverju mæli til þess að dómari verði vanhæfur á grundvelli gildandi vanhæfisreglna. Þá geri löggjöf stundum ráð fyrir að dómari gegni tilteknu aukastarfi eða að viðkomandi uppfylli hæfisskilyrði til að gegna embætti dómara og að Dómarafélag Íslands eða Hæstiréttur tilnefni aðila til að taka sæti í nefnd, auk þess sem í einstaka tilvikum sé um borgaralega skyldu að ræða. Allt þetta, sem og þrískipting ríkisvaldsins, hafi nefndin íhugað og leitast við að þrengja túlkun sína á heimildum dómara til að gegna aukastarfi. Það sé mat nefndarinnar að aukastörfum dómara hafi fækkað síðastliðin ár. Loks segir í svari nefndarinnar til Lögmannafélagsins að væntanlega verði ráðist í endurskoðun reglna nr. 1165/2017 þegar breytingar hafa verið gerðar á lögum um dómstóla en brýnast í þeim efnum sé að mati nefndarinnar að breyta 3. mgr. 45. gr. laganna til samræmis við hina almennu reglu 1. mgr. 45. gr. laganna.

Í framhaldi af svari nefndar um dómarastörf hefur stjórn Lögmannafélagsins óskað eftir upplýsingum um hvort hún hafi þegar lagt fram tillögu að breytingu á 45. gr. laga um dómstóla, en ef ekki, hvort slíkt standi til.

II

Umhverfislausnir fyrir skrifstofur


Terra Efnaeyðing býður upp á örugga förgun og endurvinnslu spilliefna, endurvinnsluefna og trúnaðarskjala sem til falla á skrifstofum.

Við útvegum ílát og sækjum!



Rafhlöður og smáraftæki

Þarf að setja í poka eða öðru íláti ofan í tunnuna.



Lítill raftæki og málmar

Lítill raftæki og málma má setja í lausu í tunnuna.

Prenthylki

Þarf að setja í umbúðirnar undan nýju hylkjunum áður en þau eru sett í tunnuna.



Skjalaeyðing

Trúnaðarskjölum má safna í sérstök læst ílát. Þeim er síðan eytt samkvæmt vottuðum gæðastaðli. Tættur pappírinn fer að því loknu til endurvinnslu.



Stór raftæki

Við sækjum einnig stór raftæki sem ekki komast í tunnuna.



Raftækjatunnan



Skjalaeyðingartunna





HLUTVERK DÓMSTÓLA Í LJÓSI DÓMS MANNRÉTTINDADÓMSTÓLS EVRÓPU Í LANDSRÉTTARMÁLINU

Þáttur dómstóla í Landsréttarmálinu

Mannréttindasáttmáli Evrópu og Mannréttindadómstóllinn hafa í gegnum tíðina markað íslenskt dómkerfi og leitt til jákvæðra og nauðsynlegra breytinga á íslensku réttarkerfi. Meðal þess sem rekja má til evrópskrar mannréttindasamvinnu er aðskilnaður dómvalds og framkvæmdarvalds og stofnun Landsréttar. Í dómi Yfirdeildar Mannréttindadómstóls Evrópu í Landsréttarmálinu er umfjöllun um stöðu dómvaldsins sem gæti orðið íslenskum dómstólum brýning til góðra verka í framtíðinni. Þó umfjöllunin sé hluti af úrlausn þess máls sem var til skoðunar er engu að síður fullt tilefni til þess að skoða ábendingar Mannréttindadómstólsins í víðara samhengi í tengslum við hlutverk dómstóla.

Landsréttarmálið snýst öðrum þræði um mikilvægi þess að hafa sjálfstæða og óvilhalla dómstóla sem eru óháðir öðrum þáttum ríkisvalds. Einn hluti af því að vera með óháða dómstóla er að dómara séu ekki skipaðir á þann hátt að efast megi um sjálfstæði þeirra. En skipun

dómaranna er bara byrjunin og mun meira þarf til svo að dómkerfið sé raunverulega sjálfstætt og óvilhellt. Ástæðan fyrir mikilvægi óháðra dómstóla er að eitt meginhlutverk dómstólanna er að endurskoða athafnir framkvæmdar- og löggjafarvalds. Sjálfstæðið má því ekki bara ná til skipunarferlisins heldur verður það líka að endurspeglast í málsmeðferð og niðurstöðum dómstólanna. Að tryggja sjálfstæði dómstóla gagnvart öðrum þáttum ríkisvalds er ekki til neins ef dómstólar eru þrátt fyrir það tregir til að endurskoða athafnir annarra valdhafa.

Niðurstaða Mannréttindadómstólsins er að allir þrír handhafar ríkisvalds hafi brugðist í málinu. Að því er varðar þátt dómvaldsins telur Mannréttindadómstóllinn að Hæstiréttur hafi verið of varfærinn í nálgun sinni á málið. Hæstiréttur hafi komið auga á og slegið föstum alvarlegum annmörkum á málsmeðferð dómsmálaráðherra en þrátt fyrir það hafi í reynd engar afleiðingar hlotist af lögbrotunum. Dómvaldið sinnti þannig ekki þeirri skyldu

sinni að hafa aðhald með löggjafar- og framkvæmdarvaldinu. Mannréttindadómstóllinn minnir því á að það er hlutverk dómssvaldsins að tempra vald annarra valdhafa og vera varðmaður laganna í réttarríki. Þessi áminning mun vonandi hafa víðtækari áhrif á það hvernig dómstólar líta á hlutverk sitt í framtíðinni. Tregða dómstóla við að leysa úr ágreiningmálum borgara gegn ríkisvaldinu sem birtist í Landsréttarmálinu er nefnilega ekki bundin við það mál.

Dómstólarnir sjálfir hafa takmarkað aðhald sitt

Á undanförunum 20 árum eða svo virðist sem íslenskir dómstólar hafi dregið verulega úr aðhaldi sínu gagnvart öðrum greinum ríkisvalds. Dómstólar hafa á þessum árum veitt bæði löggjafar- og framkvæmdarvaldi aukið svigrúm og veigrað sér við að grípa inn í athafnir þeirra. Sé þessi þróun skoðuð með hliðsjón af röksemdum Mannréttindadómstólsins má spyrja hvort íslenskir dómstólar hafi í auknum mæli vikist undan einu meginhlutverki sínu. Með öðrum orðum hvort íslenskir dómstólar hafi almennt verið of varfærnir þegar kemur að því að tempra vald og endurskoða athafnir annarra handhafa ríkisvalds gagnvart borgunum.

Minna aðhald dómstólanna má greina af breyttum áherslum á mörgum réttarsviðum. Líklega munar mest um þær breytingar sem orðið hafa á túlkun réttarfarreglna þegar borgarar leita til dómstóla vegna athafna opinberra aðila. Þetta eru skilyrði sem ganga þvert á réttarsvið enda eiga þau við um öll mál þar sem reynt er að fá dómstóla til að endurskoða athafnir valdhafa. Í kringum síðustu aldamót tóku dómstólar upp á því að herða verulega skilyrðin fyrir því að borgarar gætu borið mál undir dómstóla. Með þróun á réttarfari hafa dómstólar þannig gert borgurinum erfiðara fyrir að sækja rétt sinn. Síðan þessi vegferð dómstóla hófst hafa íslenskir lögfræðingar staðið frammi fyrir óljósum reglum um aðild, kröfugerð og lögvarða hagsmuni í málum sem varða opinbera aðila. Ekki hjálpar til að verulegt ósamræmi hefur verið í úrlausnum dómstóla um þessi atriði og oft ómögulegt að sjá fyrir niðurstöður um formsatriði mála. Eitt af fjölmörgum dæmum um ófyrirsjáanleikann var þegar Hæstiréttur sjálfur skiptist í þrennt í afstöðu sinni til formsatriða í dómsmáli borgara gegn stjórnvöldum (Hrd. 264/2008). Þegar dómurinn var kveðinn upp höfðu settar reglur um réttarfar ekki breyst í fjölda ára en eins og áður segir hafði gríðarmikil breyting engu að síður átt sér stað hjá dómstólunum sjálfum.

Lengst hefur þessi réttarfarþróun gengið í afstöðu dómstóla til skilyrðisins um lögvarða hagsmuni. Þetta réttarfarsskilyrði hefur stökkbreyst frá því að vera sjaldgæf undantekn-

ingarregla í að verða stór hindrun í vegi borgara sem reynir að sækja rétt sinn gagnvart opinberum aðila. Þróunina má t.d. sjá með því að bera saman tvö mál. Annars vegar mál frá árinu 1999 sem snerist um það að Ríkisútvarpið hafði neitað að láta túlka á táknmáli framboðsumræður í sjónvarpi, kvöldið fyrir kosningar til Alþingis, um leið og þær færu fram (Hrd. 151/1999). Félag heyrnarlausra höfðaði mál og krafðist þess að Ríkisútvarpinu yrði gert skylt að láta túlka umræðurnar með þessum hætti. Í málinu var ekkert deilt um lögvarða hagsmuni og niðurstaða málsins varð að lokum sú að fallist var á kröfuna enda taldi Hæstiréttur um að ræða mikilvæg réttindi fyrir heyrnarlaust fólk. Til samanburðar má svo skoða mál frá árinu 2015 þar sem 10 ára heyrnarlaus drengur, nemandi í grunnskóla í Reykjanesbæ, óskaði eftir því að námsefni hans yrði tiltækt á táknmáli svo hann hefði sama aðgang að því og aðrir nemendur (Hrd. 394/2015). Málið fékk ekki efnislega umfjöllun þar sem dómstólar komust að þeirri niðurstöðu að heyrnarlaus drengurinn hefði ekki lögvarða hagsmuni af því að námsefni hans í barnaskóla væri honum aðgengilegt.

Aðgengi að dómstólum er hluti af réttlátri málsmeðferð

Breyting dómstóla á réttarfarsskilyrðum hefur verið í þágu valdhafa, þ.e. löggjafans og framkvæmdarvaldsins. Strangari og þrengri skilyrði hafa leitt af sér verulegar takmarkanir á því hvaða athafnir opinberra aðila verða bornar undir dóm og einnig hverjir geta farið með slík mál fyrir dómstóla. Möguleikar borgaranna á því að fá endurskoðun á athöfnum valdhafa hafa minnkað verulega á undanförunum árum. Um leið hefur löggjafar- og framkvæmdarvaldið fengið mun meira svigrúm til athafna án þess að eiga á hættu að dómssvaldið grípi inn í og tempri vald þeirra. Með öðrum orðum hefur vald þeirra aukist með minni temprun dómstóla.

Landsréttarmálið laut að rétti borgaranna til réttlátrar málsmeðferðar. Það felst í réttlátri málsmeðferð að borgarar hafi raunverulegan aðgang að dómstólum en séu ekki útilokaðir frá þeim með réttarfarreglum. Þá ber dómstólum að leysa úr ágreiningsefnum sem borin eru undir þá í stað þess að víkja sér undan því að hrófla við athöfnum annarra þátta ríkisvaldsins. Í dómi Mannréttindadómstólsins er minnt á þetta hlutverk dómssvaldsins. Vonandi munu dómstólar túlka þær ábendingar með víðtækum hætti í stað þess að líta svo á að varfærnin í málinu hafi verið einangrað tilvik.

Daníel Isebarn Ágústsson

Gleðileg jól, farsælt komandi ár

LOGOS

Reykjavík · London



FULLTINGI

slysa- og skaðabótamál



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



KVIKA



LANDSLÖG

LÖGFRÆDISTOFA

LMB | MANDAT



Lögmenn
Laugavegi 3



ADVEL
L Ö G M E N N

BBA // FJELDICO



Lögfræðistofa Reykjavíkur

S. Sif Thorlacius hdl.
Kristján B. Thorlacius hrl.
Guðmundur Ómar Hafsteinsson hrl.
Tinna Björk Gunnarsdóttir hdl.
Halldór Frannar Halldórsson hdl.

FORTIS
Lögmennsstofa



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · www.law.is

DAGATAL DÓMNEFNDAR UM HÆFI UMSÆKJENDA UM EMBÆTTI DÓMARA FYRIR ÁRIÐ 2020

ÁRIÐ 2020 HEFUR VERIÐ ANNASAMT HJÁ DÓMNEFND UM HÆFNI UMSÆKJENDA UM EMBÆTTI DÓMARA OG SEGJA MÁ AÐ HÚN HAFI VERIÐ ÖNNUM KAFIN VIÐ AÐ META HÆFI UMSÆKJENDA UM DÓMARASTÖÐUR Á ÖLLUM ÞREMUR DÓMSTIGUNUM. EKKI SÉR FYRIR ENDANN Á ÞVÍ ÞAR SEM FRAMUNDAN ER AÐ META HÆFI UMSÆKJENDA UM TVÆR DÓMARASTÖÐUR VIÐ HINN NÝJA ENDURUPPTÖKUDÓMSTÓL, EINA STÖÐU DÓMARA VIÐ LANDSRÉTT, SEM VAR AUGLÝST Í NÓVEMBER, OG BIRTA NIÐURSTÖÐUR ÚR MATI Á 26 UMSÆKJENDUM UM FJÓRAR HÉRAÐSDÓMARASTÖÐUR. LÖGMANNABLAÐIÐ ÚTBJÓ DAGATAL DÓMNEFNDAR FYRIR ÁRIÐ 2020.

FEBRÚAR: ÁSA OG SANDRA SETTAR Í LANDSRÉTT

Skömmu fyrir jól 2019 auglýsti dómsmálaráðuneytið laus til setningar tvö embætti dómara við Landsrétt vegna leyfa tveggja dómara. Átta umsóknir bárust frá þeim Ásu Ólafsdóttur prófessor, Birni L. Bergssyni skrifstofustjóra og héraðsdómurinum Ástráði Haraldssyni, Boga Hjálmtyssyni, Hildi Briem, Ingibjörgu Þorsteinsdóttur, Ragnheiði Snorradóttur og Söndru Baldvinsdóttur. Þann 17. febrúar lá niðurstaða dómnefndar fyrir þar sem hún taldi Ásu Ólafsdóttur hæfasta og þau Ástráð Haraldsson og Söndru Baldvinsdóttur næst á eftir henni, jafnsett. Í kjölfarið var Ása sett frá 25. febrúar til 30. júní og Sandra frá 2. mars til 30. júní.



APRÍL: ÁSMUNDUR SKIPAÐUR Í LANDSRÉTT

Í byrjun árs var embætti dómara við Landsrétt auglýst laust til umsóknar og bárust alls fjórar umsóknir; frá landsréttardómurinum Ásmundi Helgasyni og Ragnheiði Bragadóttur og héraðsdómurinum Ástráði Haraldssyni og Söndru Baldvinsdóttur. Niðurstaða dómnefndar var að Ásmundur væri hæfastur og í framhaldinu var hann skipaður dómari við Landsrétt frá 17. apríl. Þar sem Ásmundur var skipaður dómari við réttinn fyrir þá losnaði eitt sæti við dóminn.



MAÍ: SIGURÐUR TÓMAS SKIPAÐUR Í HÆSTARÉTT

Þann 28. febrúar var embætti hæstaréttardómara auglýst til umsóknar og sóttu fimm um embættið: Landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Davíð Þór Björgvinsson, Jóhannes Sigurðsson og Sigurður Tómas Magnússon og Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari. Þeir Davíð Þór og Jóhannes drógu síðan umsóknir sínar til baka en dómnefnd skilaði umsögn til setts dómsmálaráðherra 6. maí þar sem Sigurður Tómas var metinn hæfastur og var hann skipaður dómari við réttinn frá 18. maí. Þar með losnaði um eitt embætti dómara í Landsrétti sem dómnefnd fékk nú á sitt borð.

JÚLÍ: ARNFRÍÐUR SKIPUÐ Í LANDSRÉTT

Þann 17. apríl var auglýst laust til umsóknar embætti dómara við Landsrétt og sóttu alls fimm umsækjendur um: Landsréttardómararnir Arnfríður Einarsdóttir og Ragnheiður Bragadóttir og héraðsdómararnir Ástráður Haraldsson, Helgi Sigurðsson og Ragnheiður Snorradóttir. Dómnefnd skilaði umsögn til ráðherra 16. júní og mat Arnfríði Einarsdóttur hæfasta og var hún skipuð fá 1. júlí. Þar sem Arnfríður var skipuð dómari við Landsrétt áður þá losnaði eitt sæti við dóminn svo dómnefnd sat enn við.



ÁGÚST: INGI TRYGGVASON OG HALLDÓRA ÞORSTEINSDÓTTUR SKIPUÐ Í HÉRAÐDÓM

Í apríl og maí voru tvö embætti við Héraðsdóm Reykjaness auglýst laus til umsóknar. Alls bárust 15 umsóknir um embættin: Alda Hrönn Jóhannsdóttir yfirlögfræðingur, Súsanna Björg Fróðadóttir aðstoðarsaksóknari, lektorarnir Halldóra Þorsteinsdóttir og Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, þrír aðstoðarmenn dómara: Guðfinnur Stefánsson, Ólafur Egill Jónsson og Sólveig Ingadóttir og átta lögmenn: Auður Björg Jónsdóttir, Guðmundína Ragnarsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Höskuldur Þór Þórhallsson, Ingi Tryggvason, Ingólfur Vignir Guðmundsson, Sigurður Jónsson og Þórhallur Haukur Þorvaldsson. Dómnefnd mat Inga Tryggvason og Halldóru Þorsteinsdóttur hæfast og var Ingi skipaður dómari við Héraðsdóm Reykjaness frá 1. ágúst og Halldóra frá 31. ágúst.



SEPTEMBER: RAGNHEIÐUR OG JÓN SKIPUÐ Í LANDSRÉTT

Þann 19. júní voru auglýst tvö embætti dómara við Landsrétt. Umsækjendur voru sjö talsins; Ragnheiður Bragadóttir landsréttardómari, héraðsdómararnir Ástráður Haraldsson, Hildur Briem, Kjartan Bjarni Björgvinsson og Jón Höskuldsson dómstjóri auk lögmanna Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar og Stefáns Geirs Þórissonar. Hildur og Kjartan Bjarni drógu síðan umsóknir sínar til baka en dómnefnd skilaði umsögn til dómsmálaráðherra um að Ástráður Haraldsson, Jón Höskuldsson og Ragnheiður Bragadóttir væru hæfast til starfans. Ráðherra ákvað síðan að gera tillögu um að skipa Ragnheiði Bragadóttur frá 18. september og Jón Höskuldsson frá 25. september. Þar með losnaði um eitt embætti héraðsdómara og eitt embætti landsréttardómara svo enn voru annir hjá dómnefnd en umsóknarfrestur um landsréttardómaraembætti rann út 7. desember síðastliðinn.



NÓVEMBER: ÁSA OG BJÖRG SKIPAÐAR Í HÆSTARÉTT

Þann 10. júlí voru tvö embætti hæstaréttardómara auglýst til umsóknar og alls voru átta umsækjendur. Landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Davíð Þór Björgvinsson, Oddný Mjöll Arnadóttir og Þorgeir Ingi Njálsson sóttu um ásamt Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni lögmanni, Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara og prófessorunum Ásu Ólafsdóttur og Björgu Thorarensen. Ástríður og Jóhannes Rúnar drógu umsóknir sínar til baka en dómnefnd skilaði umsögn til ráðherra 5. nóvember sl. þar sem hún mat alla sex umsækjendurna hæfa. Ása Ólafsdóttir og Björg Thorarensen voru skipaðar frá 23. nóvember sl.



HVAÐA FJÓRIR VERÐA SKIPAÐIR Í EMBÆTTI HÉRAÐSDÓMARA?

Í september 2020 auglýsti dómismálaráðuneytið fjögur embætti héraðsdómara laus til umsóknar; tvö hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, eitt hjá Héraðsdómi Reykjaness og eitt hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra sem fyrsta starfsvettvang. Alls bárust samtals 26 umsóknir um embættin. Um öll embættin sóttu: Arnbjörg Sigurðardóttir aðstoðarmaður héraðsdómara, Brynjólfur Hjartarson lögfræðingur og lögmennirnir Guðmundína Ragnarsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Hlynur Jónsson, Höskuldur Þór Þórhallsson, Ólafur Helgi Árnason, Sigurður Jónsson og Karl Óttar Pétursson. Um tvö embætti dómara sem fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og eitt hjá Héraðsdómi Reykjaness sóttu Arnór Snæbjörnsson settur skrifstofustjóri, Bergþóra Ingólfsdóttir héraðsdómari, Björn L. Bergsson skrifstofustjóri, Björn Þorvaldsson saksóknari, Margrét Einarsdóttir prófessor, Nanna Magnadóttir forstöðumaður, Valborg Steingrimsdóttir lögfræðingur og lögmennirnir Auður Björg Jónsdóttir, Ásgeir Jónsson, Eva Halldórsdóttir, Hulda Árnadóttir, Jóhannes Rúnar Jóhannsson, Margrét Gunnlaugsdóttir, María Thejll og Þórhallur Haukur Þorvaldsson. Umsækjendur um eitt embætti dómara sem fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjaness sóttu Jón Auðunn Jónsson og Jónas Jóhannsson héraðsdómari. Von er á niðurstöðu dómnefndar fyrir áramót.

HVERJIR VERÐA SKIPAÐIR DÓMARAR VIÐ HINN NÝJA ENDURUPPTÖKUDÓMSTÓL?

Um miðjan september auglýsti dómismálaráðuneytið laus til umsóknar tvö embætti dómara og tveggja varadómenda við nýjan endurupptökudómstól sem átti að taka til stafa 1. desember síðastliðinn. Þrír dómara, ásamt jafnmörgum varamönnum, eru tilnefndir af hverju hinna þriggja dómstiga. Það bárust 17 umsóknir um embættin og þar af voru 13 umsóknir frá lögmönnum: Árni Ármann Árnason, Árni Vilhjálmsson, Ásgeir Jónsson, Guðrún Björg Birgisdóttir, Haukur Örn Birgisson, Jóhannes Karl Sveinsson, Jón Auðunn Jónsson, Reimar Pétursson, Sigurður Jónsson, Stefán Geir Þórisson, Tómas Hrafn Sveinsson, Tómas Jónsson og Þyri Steingrimsdóttir. Auk þeirra sóttu Eiríkur Elís Þorláksson dósent, Eyvindur G. Gunnarsson prófessor, Finnur Vilhjálmsson saksóknari og Karl Ingi Vilbergsson lögreglustjóri um embættin. Þar sem fulltrúar Alþingis í hæfnisnefnd voru vanhæfir þurfti Alþingi að kjósa nýjan mann í nefndina tímabundið en sex vikur liðu áður en af því varð og því var hinn nýi dómstóll dómara laus er hann átti að hefja störf. Dómnefndin hefur sex vikur til að skila umsögn eftir að hún er fullskipuð og má því búast við að niðurstöður liggi fyrir fljótlega eftir áramót.

Eyrún Ingadóttir tók saman

UM DÓMNEFND

Í lögum um dómstóla nr. 50/2016, skipar dómismálaráðherra fimm menn í dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara, landsréttardómara og héraðsdómara. Dómnefndin er tilnefnd frá Hæstarétti Íslands, Landsrétti, dómstólasýslunni, Alþingi og Lögmannafélagi Íslands og er hlutverk hennar að láta dómismálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um dómaraembætti og taka afstöðu til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til að hljóta embættið.

Skipunartími í nefndina er fimm ár en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Ingimundur Einarsson héraðsdómari var formaður dómnefndar þar til í byrjun árs er Eiríkur Tómasson fyrrverandi hæstaréttardómari tók við en formaður er ætíð tilnefndur af Hæstarétti. Áslaug Árnadóttir lögmaður er varamaður formanns. Kristín Benediksdóttir dósent er tilnefnd af Landsrétti en Skúli Magnússon héraðsdómari er varamaður hennar. Á árinu hætti Valtýr Sigurðsson lögmaður sem varamaður í nefndinni. Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður var tilnefnd af Alþingi eftir að Ragnhildur Helgadóttir prófessor hætti og er varamaður hennar Sigríður Þorgeirsdóttir lögfræðingur. Ragnheiður Harðardóttir landsréttardómari er tilnefnd af dómstólasýslunni og er Halldór Halldórsson dómstjóri varamaður hennar. Þá er Óskar Sigurðsson lögmaður tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands og er Guðrún Björk Bjarnadóttir lögmaður varamaður hans.

Komið hefur fyrir að bæði aðalmaður og varamaður hafi verið vanhæfir vegna tengsla við umsækjendur og því hafa lögmennirnir Andri Árnason, Reimar Pétursson og Ari Karlsson verið settir Ad Hoc við einstakar skipanir og sömuleiðis Eyvindur G. Gunnarsson prófessor og Helgi I. Jónsson fyrrverandi hæstaréttardómari.

HEGÐUN, ATFERLI OG FRAMKOMA LÖGMANNA Á SAMFÉLAGSMIÐLUM

Óhætt er að segja að samfélagsmiðlar hafi breytt samskiptum, og raunar samfélaginu öllu, síðustu ár. Margir lögmenn nota samfélagsmiðla bæði persónulega og við atvinnu sína en rétt notkun á samfélagsmiðlum getur gefið lögmönnum möguleika til að markaðssetja sig, til að skapa umræðu um lögfræðileg málefni og til að taka þátt í umræðum við aðra lögmenn, viðskiptavini og fleiri aðila. Lögmenn verða hins vegar að nota samfélagsmiðla á ábyrgan hátt og gæta að því hvernig þeir tjá sig.

Sex grunnreglur IBA um hegðun lögmanna

Á árinu 2014 gaf International Bar Association út viðmiðunarreglur um hegðun lögmanna á samfélagsmiðlum (IBA International Principles on Social Media Conduct for the Legal Profession).

Þar kemur fram að hegðun á samfélagsmiðlum eigi alltaf að vera í samræmi við skyldur lögmanns samkvæmt lögum og siðareglum og að mikilvægt sé að lögmenn valdi umbjóðendum sínum ekki tjóni eða skaði traust almennings á lögmennastéttinni. Til að aðstoða samtök lögmanna, og þá aðila sem hafa eftirlit með lögmönnum, við að setja reglur og meta hegðun lögmanna á samfélagsmiðlum settu samtökin fram eftirfarandi sex grunnreglur:

1. Óhæði

Mikilvægt er að lögmenn séu óháðir og ekki undir áhrifum frá utanaðkomandi aðilum við störf sín. Á samfélagsmiðlum tengjast lögmenn með sjáanlegum hætti umbjóðendum sínum, dómurum og öðrum lögmönnum. Áður en lögmenn stofna til rafrænna tengsla ættu þeir að huga að því hvaða


áhrif slík tengsl geti haft. Lögmenn eiga að gæta að því að sýna sama sjálfstæði og óhæði á samfélagsmiðlum og annars staðar.

2. Heilindi

Gerð er rík krafa til lögmanna um heilindi og heiðarleika á öllum sviðum og þar með talið á samfélagsmiðlum. Það er því mikilvægt að hafa í huga hvaða áhrif samfélagsmiðlar geta haft á orðspor lögmanna. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að efni sem sett er fram í þrengri hóp á samfélagsmiðlum getur komist í almenna dreifingu og náð mikilli útbreiðslu.

3. Ábyrgð

Lögmenn verða alltaf að hafa í huga að það sem þeir gera á samfélagsmiðlum fari ekki gegn lögum. Mikilvægt er að skilja notkun samfélagsmiðla og nota aðgangsstillingar, en jafnframt að skilja að þó að aðgangur að þeirri síðu sem efni er sett fram á sé takmarkaður geti efni sem þar er sett fram náð útbreiðslu hratt. Þá er rétt að hafa í huga að það innlegg og þær skoðanir sem settar eru á samfélagsmiðla verða þar



lengi og að færslur geti verið túlkaðar á annan hátt síðar. Einnig er bent á að það sem lögmenn setja á samfélagsmiðla geti verið túlkað sem lögfræðilegar ráðleggingar.

4. Trúnaður

Mikilvægt er að lögmenn gæti trúnaðar um upplýsingar sem þeir fá í starfi sínu. Þurfa lögmenn að gæta þess sérstaklega við notkun samfélagsmiðla að þeir miðli ekki trúnaðarupplýsingum um umbjóðendur sína, t.d. getur færsla um það hvar lögmaður er staddur gefið í skyn tengsl hans við umbjóðanda sem vill ekki að aðrir viti að viðkomandi er að leita lögmannaástoðar. Þá ættu lögmenn að gæta þess að myndir sem þeir setja á samfélagsmiðla bjóti ekki trúnað gegn umbjóðendum þeirra.

5. Traust

Lögmenn eru hvattir til að nota sömu viðmið fyrir hegðun á samfélagsmiðlum og annars staðar og að hafa í huga að óábyrg hegðun á samfélagsmiðlum getur dregið mjög úr trausti á viðkomandi sem lögmanni. Er sérstaklega bent á að erfitt getur verið að greina á milli þess hvort að viðkomandi er að tjá sig á samfélagsmiðlum sem einkaaðili eða lögmaður.

6. Stefna

Þegar lögmennsstofur nota samfélagsmiðla þá er mikilvægt að starfsmenn fái skýrar leiðbeiningar um hver stefna stofunnar sé varðandi notkun og að starfsmenn geri skýran mun á því hvort að þeir séu að nota samfélagsmiðla í nafni stofunnar eða persónulega.

Er þörf á sérstökum reglum um hegðun lögmanna á samfélagsmiðlum?

Undanfarin ár hefur verið mikil umræða á Norðurlöndunum um hegðun lögmanna á samfélagsmiðlum. Þannig setti sænska lögmannafélagið sérstakar reglur um hegðun lögmanna á slíkum miðlum árið 2015 og í desember 2019 setti félagið reglur um markaðssetningu lögmanna

á samfélagsmiðlum. Norska lögmannafélagið hefur nú tekið ákvörðun um að setja sérstakar reglur um hegðun á samfélagsmiðlum og lagði síðanefnd félagsins fram tillögur að þeim í október síðastliðnum. Bæði sænsku og norsku reglurnar taka mið af viðmiðunarreglum International Bar Association.

Þá kemur spurningin: Er þörf á að setja sérstakar reglur um hegðun lögmanna á samfélagsmiðlum á Íslandi? Lögmenn hafa ólíkar skoðanir á því og margir telja að ákvæði síðareglna lögmanna dugi sem leiðbeiningar til lögmanna. Rökin fyrir því að setja sérstakar reglur um efnið snúa yfirleitt að því að nauðsynlegt sé að vekja athygli lögmanna á því að mörkin á milli þess sem þeir setja fram sem einstaklingar og þess sem þeir setja fram sem lögmenn á samfélagsmiðlum séu óskýr og að það geti verið erfitt fyrir almenning að gera greinarmun á því.

Fjöldmörg mál vegna notkunar lögmanna á samfélagsmiðlum hafa verið til meðferðar hjá úrskurðarnefndum lögmanna og dómstólum í nágrannalöndum okkar. Þegar málin eru skoðuð virðist rauði þráðurinn vera að erfitt er greina hvort að viðkomandi er að tjá sig sem lögmaður eða einstaklingur og eru fjöldmörg dæmi um að lögmenn hafi verið beittir viðurlögum fyrir að tjá sig á sínum persónulegu síðum á samfélagsmiðlum.

Niðurstöður í nokkrum norrænum málum

Engin íslensk dæmi eru um að viðurlögum hafi verið beitt vegna hegðunar lögmanna á samfélagsmiðlum. Hins vegar liggja fyrir þó nokkur mál frá nágrannalöndum okkar sem gefa hugmynd um hvar línan liggur – hvað er í lagi og hvað ekki.

I

Í ákvörðun í sænsku máli frá því í september 2019 var fjallað um færslur kvenlögmanns á Instagram. Um var að ræða reikning á samfélagsmiðlinum sem bar nafn viðkomandi

og þar var ekki tekið fram að hún væri lögmaður. Í lýsingu á henni kom þó fram að hún væri lögmaður og stofnandi lögmannsstofunnar X.

Lögmaðurinn setti myndskleið á Instagram með m.a. þessum texta:

I Wanna go home! #X-bær #missmykids #verjandi

Eftirfarandi athugasemd var skrifuð við færsluna:

*Það er betra að vera þarna sem lögmaður en grunadur – haltu áfram að berjast og sjá það jákvæða í stöðunni. Lögmaðurinn svaraði athugasemdinni: *_hahaha satt!**

Nokkrum dögum seinna setti lögmaðurinn inn myndskleið m.a. með meðfylgjandi texta:

#mordréttarhöld #dreamteam #gleðilega páska #notimetorest

Taldi lögmaðurinn að hún hefði einungis tjáð sig þarna um einkamálefni og benti á að ekki hefði verið hægt að sjá hverjir umbjóðendur hennar hefðu verið. Þrátt fyrir þetta var talið að lögmaðurinn hefði brotið gegn siðareglum og viðmiðunarreglum um hegðun lögmannna á samfélagsmiðlum. Var talið að innleggin sýndu ekki góða dómgreind og virðingu fyrir fólki. Gæti lögmaðurinn ekki verið viss um að færslur hennar hefðu ekki neikvæð áhrif á umbjóðendur hennar eða traust á hana sem lögmann og traust á lögmannastéttina í heild.

II

Í ákvörðun frá Svíþjóð frá því í apríl 2019 var deilt um færslu á Instagramreikningi lögmannsstofu. Einn af lögmönnum stofunnar var skipaður verjandi Y í máli þar sem hann var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn tveimur börnum sínum. Á meðan á rannsókn málsins stóð var Y sleppt úr gæsluvarðhaldi og birti lögmannsstofan þá eftirfarandi færslu á Instagram:

„Þökk sé einstöku framlagi fulltrúans B var umbjóðandi okkar, sem sat í gæsluvarðhaldi grunadur um gróf kynferðisbrot gegn börnum, látinn laus úr varðhaldinu. Umbjóðandanum er létt og réttlætið hefur enn einu sinni sigrað...“

Talið var að færslan fæli í sér alvarlegt brot gegn góðum lögmannsháttum. Var sérstaklega bent á að lögmönnum bæri að sýna varfærni og hófsemi á samfélagsmiðlum og ekki birta upplýsingar sem gætu leitt til þess að hægt væri að komast að því hverjir aðilar máls væru.

III

Í Danmörku hafa verið lagðar sektir á lögmenn fyrir efni sem

þeir hafa sett á samfélagsmiðla. Á árinu 2018 var lögmaður sektaður vegna færslu fulltrúa á lögmannsstofu lögmannsins á Facebook. Fulltrúinn hafði sett inn færslu um hestakaup sem lögmannsstofan hafði komið að. Kona sem hafði keypt hest fyrir dóttur sína taldi að hesturinn væri haldinn galla og var kaupunum rift með dómi. Í kjölfarið deildi fulltrúinn dómnum á Facebook, án þess að persónuupplýsingar hefðu verið afmáðar. Í færslunni vísaði fulltrúinn til greina sem viðkomandi hafði skrifað um málið og vísaði til „curlingforeldra“ með skerta raunveruleikatengingu þegar kemur að hæfileikum barna þeirra. Þá tók fulltrúinn þátt í umræðum á Facebook um málið. Talið var að fulltrúinn hefði með grófum hætti brotið gegn siðareglum.

IV

Annar danskur lögmaður var sektaður fyrir að hafa sakað vitni í nauðgunarmáli um að hafa borið falsvitni. Var sú ákvörðun staðfest af Hæstarétti Danmerkur.

V

Norskur lögmaður var fyrir nokkru áminntur fyrir að hafa gagnrýnt ákvörðun sveitarstjórnar og barnaverndarnefndar á Facebooksíðu sinni, en lögmaðurinn hafði komið fram fyrir hönd eins aðila málsins. Sagði í úrskurðinum að lögmenn verði að sýna varkárni þegar þeir tjá sig opinberlega og var lagt til grundvallar að einka Facebooksíða lögmannsins væri opinber. Þá var tekið fram að þar sem viðkomandi hafði verið lögmaður eins af aðilum málsins væru ummælin augljóslega tengd starfi hans sem lögmaður. Þá hafa norskir lögmenn verið áminntir fyrir að tala illa um samkeppnisaðila á samfélagsmiðlum.

VI

Norskur lögmaður sem stofnaði lokaðan Facebook hóp fyrir óánægða viðskiptavinum annarrar lögmannsstofu til að koma upplýsingum áfram til blaðamanns var hins vegar ekki talinn hafa brotið gegn siðareglum þó að hann hefði tekið þátt í umræðum í hópnum enda hefði gagnrýni hans á viðkomandi lögmenn verið málefnaleg og rétt.

Ákvæði siðareglna sem lögmenn þurfa að hafa í huga

Hvaða ákvæði siðareglna lögmannna þarf helst að hafa í huga þegar kemur að samfélagsmiðlum? Reynsla norrænna lögmannna sýnir að helst reyni á eftirfarandi atriði:

- Ákvæði um að lögmaður skuli svo til allra mála leggja sem hann veit sannast eftir lögum og sinni samvisku, sbr. 2. mgr. 1. gr.
- Ákvæði um þagnarskyldu og trúnaðarskyldu, en lögmenn hafa t.d. brotið gegn þeim ákvæðum með færslum sem

beint eða óbeint hafa opinberað viðskiptasamband eða falið í sér persónuupplýsingar, viðskiptaleyndarmál eða aðrar upplýsingar sem lögmaður hefur fengið í starfi sínu.

- Ákvæði um auglýsingar lögmannna, sbr. 42. gr.
- Ákvæði um að lögmaður skuli sýna dómstólum fulla tillitssemi og virðingu, sbr. 19. gr.
- Ákvæði um að lögmennt skuli sýna hver öðrum fulla virðingu, sbr. 25. gr.

Farið varlega á samfélagsmiðlum

Það er mikilvægt að hafa í huga að sá sem setur efni á samfélagsmiðla stjórnar því ekki í hvaða samhengi efnið er lesið, af hverjum það er lesið og hvað margir sjá umrædda færslu. Í ljósi þess er full ástæða til að fara sérstaklega varlega og hafa í huga að einhver getur lesið innleggið löngu eftir að það er birt í allt öðru samhengi og með öðrum augum en ætlunin var í upphafi. Þá er aldrei of oft bent á mikilvægi þagnarskyldunnar og að afla samþykkis umþjóðanda áður en settar eru upplýsingar á samfélagsmiðla um mál sem viðkomandi lögmaður hefur komið að.

Af niðurstöðum í málum frá Norðurlöndunum má ráða að þó að lögmennt eigi sér að sjálfsögðu einkalíf þá teljist þeir lögmennt allan sólarhringinn á samfélagsmiðlum. Þannig virðist það ekki skipta máli hvort þú tjáir þig á þínum einkareikningi á samfélagsmiðlum heldur skipti meira máli hvernig aðrir upplifa færsluna og hvort að þeir tengja hana við lögmannsstörf þín.

Því er gott að hafa eftirfarandi í huga áður en lögmennt pósta á samfélagsmiðlum:

- Hvað mundi umþjóðanda mínum finnast um þessa færslu?
- Hvað mundi gagnaðila/brotapóla finnast um færsluna?
- Hvað mundi almenningi finnast um færsluna?

[Áslaug Árnadóttir lögmaður](#)

*Gledileg jól og farsælt nýtt ár.
Þökkum ánægjulegt samstarf á hinu lidna.*

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkjur og skjalapýðandi, EU-ACI

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Daníel Teague skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » *Suðurlandsbraut 30, 4. hæð, 108 Reykjavík*
sími: 897 2717 » *netfang: ellening@simnet.is*



„GÆI KÝLDI MIG MÁ ÉG EKKI ÖRUGGLEGA KÝLA HANN TIL BAKA?“

LÖGFRÆÐINÖRDAR VINSÆLIR Á FACEBOOK

Á FACEBOOK ER SÍÐAN LÖGFRÆÐINÖRDAR MEÐ 3562 MEÐLIMUM. ÞAR SKIPTAST LÖGFRÆÐINGAR Á SKOÐUNUM UM HIN ÝMSU MÁL AUK ÞESS SEM ALMENNINGUR SENDIR FYRIRSPURNIR UM LÖGFRÆÐILEG MÁLEFNI. OFT ER LÍFLEGT Í ÞESSUM HÓPI OG Í NÓVEMBERMÁNUÐI EINUM KOMU ALLS 28 FYRIRSPURNIR EÐA UMFJALLANIR, EÐA AÐ JAFNAÐI EIN Á DAG. ALLTAF ER ÞAÐ EINHVER SEM SVARAR EN DÆMI ERU UM AÐ HÁTT Í 30 UMMÆLI VIÐ EINA FÆRSLU, BÆÐI FRÁ LÖGFRÆÐINGUM OG ALMENNINGI. LÖGMANNABLAÐIÐ RÆDDI VIÐ BÖRK I. JÓNSSON LÖGMANN, ANNAN AF STOFNENDUM SÍÐUNNAR.



Það voru þeir Börkur I. Jónsson og Ragnar Tjörvi Baldursson sem að stofnuðu hópinn árið 2014 en að sögn Barkar fannst þá vanta vettvang þar sem lögfræðingar gætu spjallað sín á milli um lögfræðileg málefni og almenningur komið með fyrirspurnir. „Við settum fram reglur um að tilgangur hópsins væri að ræða lögfræðitengd álitafni og að innlegg og ummæli yrðu ávallt að vera málefnaleg,“ sagði Börkur.

Vorud þið með einhverja fyrirmynd, íslenska eða erlenda?

Já, það er hópur á Facebook sem heitir Markaðsnördar sem er vettvangur fyrir alla þá sem hafa áhuga á markaðsmálum í víðum skilningi. Við höfðum áhuga á að búa til einhvern sambærilegan stað fyrir lögfræðinördana.

Það er greinilegt að síðan er mjög vinsæl, finnst ykkur hún hafa gegnt hlutverki sínu vel?

Já, þetta hefur verið af hinu góða. Síðan þjónar eiginlega tvennum tilgangi. Annars vegar er þetta vettvangur fyrir lögfræðinörda sem eru að spá í hinu og þessu tengt lögfræðinni og svo fyrir almenning til að spyrja einfaldra spurninga sem lögmenn/lögfræðingar úti í bæ svara. Þá hafa einhverjir aflað sér viðskipta í gegnum síðuna.

Hvaða reglur gilda á síðunni?

Öllum meðlimum er gert að gæta kurteisi í skrifum sínum og hatusorðræða er stanglega bönnuð. Ef reglur eru brotnar getur það leitt til þess að innlegg eru fjarlægð og

viðkomandi er vikið úr hópnum. Það hefur þó ekki verið mikið um það og við reynum að halda í að fólk hafi málfrelsi svo framarlega að það er kurteist og málefnalegt.

Er mikil vinna að stjórna síðu sem þessari?

Það fylgir þessu auðvitað ákveðin vinna en við höfum fengið til liðs við okkur fimm aðra lögfræðinga sem eru stjórnendur síðunnar auk okkar Ragnars. Það eru þeir Pálmi Rögnvaldsson, Andri Axelsson, Pétur Fannar Gíslason, Hafliði Gunnar Guðlaugsson og Ingi Freyr Ágústsson.

Samþykkið þið alla sem biðja um aðgang að Lögfræðinördum?

Við höfum hópinn opinn fyrir alla en samþykkjum þó ekki erlend nöfn sem hafa ekki tengsl við Ísland.

Að lokum, hafið þið fengið viðbrögð við síðunni hjá lögmönnum?

Já, margir lögmenn eru í hópnum og þó nokkrir mjög virkir. Í gegnum tíðina hefur verið umræða um að lögmenn væru ragir við að vera með mjög djúpar þælingar þar sem í hópnum eru líka ólöglerðir. Því tókum við okkur til og stofnuðum annan hóp á Facebook sem heitir einfaldlega „Lögmenn“ og í hann er eingöngu hleypt lögmönnum með virk réttindi hjá LMFÍ. Þar eru um 280 lögmenn og er umræðan nokkuð virk bæði hvað varðar lögfræðileg álitafni sem og praktísk atriði varðandi lögmannastarfið.

EI



Andri Árnason, lögmaður
 Andri Andrason, lögmaður, LL.M.
 Bjarni Aðalgeirsson, lögmaður
 Dr. Finnur Magnússon, lögmaður, LL.M.
 Edda Andradóttir, lögmaður, LL.M.
 Halldór Jónsson, lögmaður
 Lárus L. Blöndal, lögmaður
 Sigurbjörn Magnússon, lögmaður
 Simon David Knight, lögmaður
 Stefán A. Svensson, lögmaður, LL.M.
 Vífill Harðarson, lögmaður, LL.M.

Hildur Þórarinsdóttir, lögmaður
 Hólmfríður Björk Sigurðardóttir, lögmaður
 Jenný Harðardóttir, lögmaður
 Katherine Nichols, sérfræðingur
 Sigrún Magnúsdóttir, lögfræðingur
 Sigurður Helgason, lögmaður

Juris

Borgartúni 26
 105 Reykjavík
 Sími 580 4400
www.juris.is

Juris er leiðandi lögmannsstofa sem leggur áherslu á þjónustu á sviði viðskipta og fjármála. Stofan nýtur viðurkenningar fyrir þekkingu og reynslu lögmannna sinna sem kappkosta að veita snögga og hagnýta þjónustu með hliðsjón af viðskiptalegum hagsmunum viðskiptavinarins. Á skrifstofu Juris starfa íslenskir og enskir lögmennt, með lögmannsréttindi í báðum löndum, og þannig getur stofan veitt skilvirka og hagkvæma þjónustu til aðila sem hafa starfsemi í báðum ríkjum.



Samfélagsmiðlar og lögmennt: Facebook, Twitter, Instagram, Snapchat ... - 19. janúar 2021

Með tilkomu samfélagsmiðla hófst upplýsingabylting sem ekki sér fyrir endann á. Á námskeiði um samfélagsmiðla og lögmennt verður annars vegar farið yfir hvernig hægt er að miðla skilaboðum á áhrifaríkan hátt á samfélagsmiðlum og hins vegar hvað lögmennt þurfi að hafa sérstaklega í huga við notkun þeirra.

Í fyrri hluta verður farið yfir hvernig hægt er að ná mestum árangri í að deila efni á samfélagsmiðlum, hvers konar skilaboð eru líklegust til árangurs og hvað ber að varast. Hvers vegna ætti maður að vera á þessum miðlum með rekstur sinn eða fyrirtæki? Einnig verður farið yfir samfélagsmiðlastefnur og nauðsyn þess að sett sé skýr og greinargóð stefna áður en haldið er af stað. Þá verður fjallað um stöðu og hlutdeild einstaka samfélagsmiðla á Íslandi, áhrif þeirra á fjölmiðlaumhverfi og aðra þætti samfélagsins.

Í lokin verður sjó num beint sérstaklega að því hvernig lögmennt verða að nota samfélagsmiðla á ábyrgan hátt með tilliti til siðareglna.

Kennarar Kolbeinn Marteinson framkvæmdastjóri hjá ráðgjafafyrirtækinu Athygli sem hefur sérhæft sig í stafrænni miðlun á samfélagsmiðlum og Áslaug Árnadóttir lögmaður hjá Landslögum.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími Alls 3 klst. Þriðjudagur 19. janúar kl. 16.00-19.00

Verð kr. 30.000,- (kr. 3.000,- í afslátt fyrir félaga LMFÍ og LÍ og kr. 9.000,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ.)

Skráning á www.lmfi.is

VELKOMIN Í LAGAEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

UMSÓKNARFRESTUR Í GRUNNNÁM ER TIL 5. JÚNÍ 2021

Kynntu þér spennandi nám við Lagadeild Háskóla Íslands

Lagadeild Háskóla Íslands hefur verið starfrækt frá stofnun skólans árið 1911. Í Lagadeild er spennandi og skemmtilegt umhverfi fyrir nemendur og kennara. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og nútímalegir og taka mið af því besta sem gerist.

Nánari upplýsingar á www.hi.is/lagadeild

HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGAEILD



Daníel Isebarn Ágústsson ritstjóri Lögmannablaðsins settist niður með Skúla Magnússyni héraðsdómara til þess að ræða um málsmeðferð fyrir héraðsdómi og ýmis atriði sem henni tengjast, samskipti lögmannna og dómara ásamt fleiru.

SPJALL UM HAGNÝT ATRIÐI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Sóun og umhverfismál

Eftir að hafa verið dómari í þó nokkur ár hljóta að hafa vaknað hjá þér ýmsar spurningar og hugleiðingar um það sem betur má fara?

Mikið rétt og auðvitað er hér af ýmsu að taka. Eitt atriði sem maður hefur fyrir framan sig svo að segja á hverjum degi snýr að frágangi og framsetningu skjala. Þá á ég einkum við málflutningsskjöl, þ.e. stefnu og greinargerð, lengd þessara skjala og annarri umgjörð þeirra. Hér er um að ræða atriði með réttarfarslega þýðingu en einnig tæknilega og jafnvel umhverfislega þegar kemur að förgun og/eða geymslu. Það verður að segjast eins og er að það veldur óþarfa vinnu og virðist einnig vera fjandsamlegt umhverfinu að verið sé að nota svo mikið plast sem raun ber vitni.

Ef dómstólnum berst t.d. mappa með plastflipum þarf að taka allt plastið frá þegar verið er að farga þessu. Margir dómamarar kannast við það að sum mál eru að hluta til í hefðbundnum skjalafrökkum og einhverju leyti í möppum. Svo eru menn e.t.v. að leita að dómskjali eða skjölum og finna það ekki en þá rifjast upp að þetta var í einni eða fleiri möppum. Það er töluverð lausung í þessu hjá

okkur og hefur verið lengi. Réttast væri að samræma þetta einhvern veginn og einnig grunnupplýsingar sem skráðar eru utan á mál. Hvernig skjalafrakkar eru á litinn getur skipt máli, t.d. þegar maður reynir að skrifa upplýsingar á bláan skjalafrakka með bláum penna! Svo eru það aukaeintökin sem sumir koma með en aðrir ekki. Hér myndi ég leggja til að við sammælumst um að koma með aðeins eitt eintak nema dómari óski sérstaklega eftir því en þetta þarf auðvitað að ræða. Svo eru ýmis atriði sem snúa að hliðsjónargögnum við munnlegan málflutning sem er nánast óplægður akur.

Árið 2016 var bætt inn í lög um meðferð einkamála heimild fyrir dómstólasýsluna til að taka á þessum málum. Það vekur auðvitað viss vonbrigði að þessi heimild skuli ekki hafa verið nýtt að neinu leyti.

Samræming í framsetningu skjala

Hvaða reglur myndir þú vilja sjá fyrir þér?

Það er auðvelt að leita að fyrirmyndum í öðrum kerfum. Þjóðverjar eru t.d. með mjög stífar reglur um frágang skjala, þau eru bundin inn með ákveðnum hætti og fleira.

Ég þekki líka svona reglur frá Lúxemborg, EFTA- og Evrópudómstólnum. Að einhverju leyti eru líka fyrirmyndir hér á Íslandi frá öðrum dómstigum. Þetta eru nokkur atriði sem þarf að bæta en það augljósasta er að koma einhverjum böndum á magn pappírs og plasts.

Upp að vissu marki er þetta spurning um einfaldar reglur sem við gætum sett fyrir lokun í dag en þetta verður þó ekki gert nema í samstarfi og sátt við lögmennt. Ég býst þó ekki við að lögmennt myndu mótmæla því ef skýrari viðmið yrðu mótuð um þessi atriði. Auk þess er þetta að einhverju leyti vandamál sem mun hverfa með aukinni rafvæðingu skjala í dómsmálum sem krefst ákveðinnar festu og umgjáðar eðli málsins samkvæmt. En svo vandast málið aftur á móti þegar kemur að málflytningsskjölunum, stefnu og greinargerð. Þar eru vandamál sem hverfa ekki með rafvæðingu heldur munu mögulega versna.

Framsetning og lengd skjala

Ég tel löngu tímabært að skoða hvernig stefnur og greinargerðir eru settar fram svo og hversu löng þessi skjöl eiga að vera. Hvaða grunnupplýsingar eiga að vera í þeim, eiga málsgreinar að vera númeraðar og fleira. Þessi skjöl eru orðin mjög löng í dag og ég hef áhyggjur af því að þau muni þróast enn frekar í óæskilega átt með rafvæðingu.

Það má kannski rifja það upp að þegar ég var í lagadeild á fyrri hluta tíunda áratugar síðustu aldar þá var kenndur þar dómur í réttarfari þar sem lögmaður hafði skilað 22 blaðsíðna stefnu og var málinu vísað frá héraðsdómi sem skriflegum málflytningi. Þegar þessi dómur kom til umfjöllunar í tíma var hlegið að því að einhverjum skyldi hafa dottið svona vitleysa í hug. Nú þykir svona löng stefna alls ekki óvenjuleg. Lögmennt halda e.t.v. að þeir líti út fyrir að vera með vandaðri málatilbúnað ef málflytningsskjölin eru löng en hér er magn ekki alltaf sama og gæði.

Getur verið að dómstólar beri einhverja ábyrgð á þessu, þ.e. hvernig réttarfarið hefur þróast á undanförunum árum? Vissulega voru stefnur einu sinni 1-2 blaðsíður en hvernig myndu dómstólar taka á þannig stefnu í dag? Væri málið ekki bara vanreiðad?

Já, ég get reyndar verið sammála því. Þessi þróun byrjar líklega fyrir alvöru á 10. áratug síðustu aldar þegar Hæstiréttur var að vinda ofan af miklum málhala og leitaðist við að gera málsmeðferðina skilvirkari. Eitt af því sem Hæstiréttur greip til var að skera niður málflytningstíma lögmannna. Þá brugðust lögmennt við með því að stækka skriflega hluta málflytningarsins og það var að einhverju leyti umborið af

Hæstarétti. Þróunin hefur því orðið sú að málflytningur hefur færst í meira mæli yfir í skriflega hlutann sem er kannski ekki í fyllilega í samræmi við meginregluna um munnlega málsmeðferð. Þessi þróun í Hæstarétti smitaðist síðan yfir á héraðsdóm og nú síðast Landsréttar. Í héraði hafa lögmennt þó ekki alveg eins góða afsökun þar sem málflytningstími í héraði er ekki takmarkaður með sama hætti og á æðri dómstigum.

Jafnvægið milli skriflegs og munnlegs málflytning

En ef maður lítur ekki á meginregluna um munnlegan málflytning sem heilaga og óhagganlega en horfir á þetta praktískt – Er ekki í raun og veru gott fyrir dómara að hafa málatilbúnaðinn að mestu leyti skriflegan í stað þess að treysta á að allt komist til skila munnlega?

Ég held að flestir dómara myndu segja að það sé ekkert að því að hafa langar stefnur og greinargerðir svo lengi sem málatilbúnaðurinn er skýr og markviss. Vandamálið er hins vegar að þessi löngu skjöl eru iðulega þannig að það er verið að fara í hringi, skrifa sömu hlutina upp aftur og aftur með blæbrigðum. Dómari er því oft með mikinn texta fyrir framan sig en samt er ekki alltaf ljóst af textanum hvert er verið að fara. Svo kemur greinargerð og í stað þess að hún svari stefnunni með markvissum hætti er þar e.t.v. einnig farið í hringi út um víðan völl. Eitt af því sem dómari getur gert við þessar aðstæður er að nýta sér heimild í einkamálaögunum til þess að óska eftir skriflegri upptalningu á málsástæðum við aðalmeðferð. Auðvitað vill héraðsdómari ekki vera sakaður um það að hafa ekki tekið afstöðu til allra málsástæðna og hætta á ómerkingu. Af því hlýst svo aftur að „hérinn“ á það til að hafa útlistun á málsástæðum og lagarökum aðila í dóminum ótæpilega langa.

E.t.v. má spyrja hvort munnleg málsmeðferð sé að einhverju leyti orðin meira í orði en á borði. Þetta á sérstaklega við í Landsrétti og Hæstarétti þar sem aðilar hafa skilað ítarlegum málflytningsskjölum á lægri dómstigum, síðan bætast við hliðsjónargögn og svo mæta menn og fá að flytja málið í kannski 30 til 45 mínútur. Eigum við kannski frekar að horfast í augu við orðinn hlut og taka í auknum mæli upp skriflega málsmeðferð á æðri dómstigum? Fyrirkomulagið yrði þá þannig að aðili fær kost á að svara skriflega stefnu/greinargerð, eins við sjáum í skriflegu réttarfari víða erlendis, og svo yrði stuttur munnlegur málflytningur í lokin til þess að gefa dómara kost á spurningum og taka málið saman. Að mínu mati horfir þetta þó öðruvísi við í héraði því þar er málið á hreyfingu allt fram að málflytningi.



Virkari þátttaka dómara

Ég held að flestir lögmennt vilji að dómarar séu virkir í málsmeðferðinni, meiri þátttakendur í að móta málsmeðferðina. Sumir héraðsdómarar taka eiginlega ekkert þátt í málinu fyrr en þeir skila dómi. Dómarar getu í mörgum tilvikum notað undirbúningsþinghöld til þess að skerpa á raunverulegum ágreiningi aðila og um leið beint því til lögmanna sem dómari telur rétt að leggja áherslu á.

Hér skiptir miklu hvers konar menning ríkir í kringum rekstur dómsmála. Segja má að gildandi reglur geri í reynd ráð fyrir virku hlutverki dómara þótt reyndin sé yfirleitt önnur. Í Þýskalandi eru reglurnar t.d. ekki ósvipaðar og hér á landi en þar hefur dómari frá fornu fari verið mun virkari. Þegar gagnaöflun er vel á veg komin í Þýskalandi er dómari farinn að setja sig vel inn í málið, taka það saman og kom með mjög ákveðin skilaboð til lögmanna um hvernig eigi að halda á spöðunum ef menn ætli á annað borð að komast til lands. Í því getur t.d. falist að hann telji staðhæfingar aðila tæplega nægjanlega sannarar, eins og málið standi nú, eða hann vísar til dómafordæma og fræðiskrifa um hina lagalegu hlið málsins. Með þessu ýtir dómari málinu mjög ákveðið í farveg sáttar. Auðvitað eiga aðilar rétt á því að flytja málið og fá skriflegan dóm en það er e.t.v. fyrst og fremst gert ef til stendur að áfrýja málinu.

Það er einnig umræða meðal dómara um það hvort við eigum að taka upp danska fyrirkomulagið (sem er þó í raun þýskt) þar sem dómari lætur uppi munnlegt álit að loknum munnlegum málflutningi í stað formlegs dóms ef um það er samkomulag. Aðilar óska þá yfirleitt ekki eftir skriflegum dómi nema þeir ætli að áfrýja niðurstöðunni líkt og í þýska kerfinu. Þetta er nokkuð óformlegt en dugar þó yfirleitt til þess að enda ágreininginn. Allar nauðsynlegar heimildir virðast vera fyrir hendi hér á landi en kúltúrin

skortir. Hér á landi virðumst við vilja að dómari sé með „pókerfeis“ fram að dómsuppsögu eða hvað?

Skilvirkni munnlegs málflutnings

Það sama á við í munnlegum málflutningi. Þar mættu dómarar oft vera meiri þátttakendur og spyrja eða gefa með öðrum hætti til kynna hvaða atriði lögmennt þurfa að útskýra betur

Ég er sammála því en hér hefur þó hver dómari sinn persónulega stíl. Við verðum auðvitað að spyrja okkur, til hvers er munnlegur málflutningur? Ég er ekki viss um að öllum finnist að munnlegur málflutningur snúist um að reifa málið fyrir dómari og reyna að sannfæra hann. Sumir virðast telja að þetta sé vettvangur til þess að gera eitthvað annað. Til dæmis eru sumir lögmennt sem horfa ekki einu sinni á dómari heldur virðast þeir aðallega vera að flytja málið fyrir lögmann gagnaðila. Til er að lögmennt gefi í skyn að dómari sé að trufla „flæðið“ í ræðunni með spurningum. Auðvitað getur þó eitthvað verið til í því í sumum tilvikum og vissulega á lögmaðurinn að fá að flytja málið óáreittur. Svo er fólk fyrir utan dómstólana sem telur rétt að sjónvarpa eða streyma málflutningi (jafnvel einnig skýrslutökum!), en þá skapast augljóslega sú hætta að menn hætti að flytja málið fyrir dómari heldur einhverja aðra. Hér kann málið að horfa öðruvísi við í héraði en t.d. Hæstarétti þar sem málin hafa jafnan almenna þýðingu.

Dómarar getað óskað eftir flutningi um tiltekin atriði áður en aðalmeðferð fer fram og það kemur fyrir, en þá verður dómari auðvitað að vera búinn að setja sig vel inn í málið. Við erum þó með dómaframkvæmd þar sem dómarar hafa gert sig vanhæfa með fyrir aðalmeðferð með því að gefa eitt og annað í skyn. Hér er vandrataður meðalvegurinn og spurningin um okkar réttarfarskúltur vaknar aftur.

Málsforræði og réttarfarskröfur

Einkamálaréttarfarir eins og það birtist í lögnum gefur ekki alltaf rétta mynd af því hvernig málsmeðferð fyrir héraðsdómi er í raunveruleikanum eða hvað?

Það er auðvitað mjög mikil virðing fyrir aðilaforræðinu hjá dómstólum. Kannski er það komið út í öfgar að einhverju leyti, t.d. þegar dómari fellst nánast sjálfkrafa á allar beiðnir um fresti eða lögmennt „taka frestinn“ eins og það er kallað. Millipinghöld ætti að vera auðvelt að lagfæra en það virðist þó ekki takast. Þar eru vinnubrögð ómarkviss og mikil frestunarárátta í gangi. Þar er ekki eingöngu við lögmennt að sakast!

Þegar lögmaður óskar eftir fresti til að afla gagna þá spyr ég yfirleitt að því hvaða gögn þetta eru. Síðan vil ég að fyrir næstu fyrirtöku sé búið að kynna viðbótargögnin fyrir gagnaðila og sá hafi að sama skapi tekið afstöðu til gagnanna og kynnt utan réttar hvað hann ætli leggja fram af þessu tilefni. Í sjálfu sér er engin ástæða til þess að dómari sé að hitta lögmennt til þess að þeir skiptist á gögnum og taki svo nýjan frest. Þá er það einfaldlega óboðlegt að lögmennt sendi fyrir sig fulltrúa í fyrirtöku sem afhendir eitt skjal yfir borðið og veit ekkert um málið. Það er ekki fullnægjandi svar við spurningum dómara, t.d. um stöðu gagnaöflunar eða fyrirhugaða aðalmeðferð, að segja „ég er bara að mæta fyrir einhvern annan“!

Sumir telja að rafvæðingin muni leysa þetta „ping pong kerfi“ í millipinghöldunum en ég sé ekki neina sérstaka framför í því að vera með rafrænar fyrirtökur þar sem nákvæmlega það sama gerist og í dag. Þátttaka dómara getur hér skipt miklu máli. Dómarinn á auðvitað að fullnægja þeirri skyldu sinni að fylgjast með gagnaöflun. Það er t.d. ekki óþekkt við fyrstu fyrirtöku eftir úthlutun máls að lögmaður stefnda óskar eftir fresti án sérstaks rökstuðnings þrátt fyrir að vera nýbúinn að leggja fram greinargerð og gögn. En menn virðast líta á það sem nánast heilagan rétt að fá frest. Það er ljóst af lögnum að þegar komið er að annari eða þriðju fyrirtöku eftir úthlutun máls á dómari að vera með stækkunargler á allar beiðnir um fresti til frekari gagnaöflunar. Þetta geta ekki verið einhver óskilgreind gögn heldur verður að vera einhver sérstök ástæða, öflun matsgerðar eða eitthvað slíkt. Hér gildir ekki reglan „frestur er á illu bestur“!

Svo má spyrja hvort stundum séu réttarfarsreglur túlkaðar of stíft. Ef mál er t.d. höfðað sem einfalt innheimtumál vegna félagsgjalda og fram kemur greinargerð upp á 35

bls. sem fjallar um neikvætt félagafrelsi, er þá óheimilt að gefa stefnanda kost á að skila viðbótargreinargerð? Strangt til tekið tel ég ekki svo vera en e.t.v. mætti þetta þó vera skýrara.

Frávísanir

Við verðum aðeins að ræða sístækkandi hluta af málsmeðferðinni, þ.e. réttarfarsatriðin sem leiða jafnvel til frávísunar mála.

Sem hagnýtt atriði má nefna frávísunargreinargerðir sem eru nýlega til komnar og mér finnst ekki hafa gefist illa. Hugmyndin er að setja ekki of mikið þúður í mál ef það eru miklar líkur á frávísun þess frá dómi. Eins má nefna að dómara geta nú synjað um frávísun með munnlega rökstuddum úrskurði. Þetta er einnig hagræði sem mér finnst hafa gefist vel.

Talandi um frávísunarkúltúrinn væri, á almennari nótum, vissulega áhugavert að sjá samanburð á hlutfalli frávísana íslenskra dómstóla miðað við önnur lönd. Í Ísrael er t.d. lítið á dómstóla sem mikilvægan vettvang samræðu og úrlausnar hvers kyns ágreiningsmála samfélagsins. Sá andi sem manni finnst þar svífa yfir vötnunum er að dómstólar vilji leysa úr málum eins og kostur er. Þetta kemur t.d. fram í því að þú getur skrifað erindi til Hæstaréttar Ísraels á servíettu á veitingastað, sent réttinum og hann getur þá tekið málið upp að eigin frumkvæði ef talið er að efnið sé merkilegt. Spyrja má hvort hér á landi hafi viðhorfið frekar verið það í gegnum tíðina að menn eigi helst ekki að vera að ónáða hina virðulegu embættismenn að óþörfu með þrætumálum sínum. Ef reglur um lögvarða hagsmuni, aðild og aðrar réttarfarsreglur eru farnar að verða óeðlileg tálmun við því að borgararnir fái úrlausn um ákveðna mikilvæga hagsmuni sína, t.d. á sviði umhverfismála eða vegna stjórnskipulegs gildis laga og milliríkjasamninga, erum við náttúrulega komin inn í 70. gr. stjórnarskrárinnar sem við ætluðum ekki að ræða hér.

Hverju mættu lögmennt gæta betur að?

Að lokum, viltu nefna einhver atriði sem lögmennt mættu gera betur eða sleppa?

Að frátöldu því sem við nefndum áðan í sambandi við millipinghöldin get ég nefnt þann hvímeiða sið að spyrja vitni um álit eða skoðun á einhverjum atriðum við aðalmeðferð. Sumir gera þetta ítrekað í stað þess spyrja um atvik sem vitnið hefur upplifað að eigin raun. Það má svo bæta við þeim ósið dómara að láta þetta átölulaust og bæta jafnvel sjálfir við svona spurningum. Þetta gerir

aðalmeðferð óskilvirka og setur vitnin líka í óþægilega stöðu. Hér reynir á stjórn dómara á þinghaldinu. Það er nokkuð algengt að ég þurfi að enduroðna spurningar lögmannna en sem betur fer er það nánast óþekkt að ég hafi þurft að svipta lögmann rétti til spurninga og taka skýrslutökuna í eigin hendur.

Því miður get ég ekki sagt að þróunin hafi endilega verið í rétta átt og e.t.v. er ástæða til að spyrja hvort virðing fyrir

dómstólum og viðfangsefnum þeirra fari að einhverju leyti hnignandi almennt séð. Þar er að mörgu að hyggja sem við, lögmennt og dómara, höfum ekki endilega stjórn á, þ.á m. misvönduð umfjöllun fjölmiðla um málefni dómstóla. En við getum byrjað á því að sýna sjálfum okkur og verkefninu virðingu, t.d. með framkomu í dómsal. Þetta snýst ekki um virðingu fyrir dómara sem persónu heldur hlutverki dómsvaldsins og því sem við erum að gera í dómsalnum.

Gleðileg jól, farsælt komandi ár

REYKJAVÍK

Arctica Finance hf.

Katrínartúni 2
105 Reykjavík

ÁH lögmennt slf.

Vættaborgum 144
112 Reykjavík

Bonafide lögmennt og ráðgjöf sf.

Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík

Bótaréttur lögmannsstofa,

innheimta slysa- og skaðabóta
Kringlunni 7
103 Reykjavík

Draupnir lögmannsþjónusta ehf.

Laugavegi 182
105 Reykjavík

E. Sigurjónsson lögmannsstofa ehf.

Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Íslenska lögfræðistofan

Kringlunni 4-12
103 Reykjavík

JA Lögmennt

Knarrarvogi 4
104 Reykjavík

K•R•S•T Lögmennt

Tryggvagötu 11, Hafnarhvoli
101 Reykjavík

LAG-Lögmennt sf.

Ingólfsstræti 5
101 Reykjavík

Lausnir lögmannsstofa

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík

Lex ehf.

Borgartúni 26
105 Reykjavík

LOG lögmannsstofa sf.

Kringlunni 7
103 Reykjavík

Lög og innheimta ehf.

Borgartúni 27
105 Reykjavík

Lögfræðisþjónusta

Sigurðar Sigurjónssonar hrl.

Sigtúni 42
105 Reykjavík

Löggarður ehf

Tjarnargötu 4
101 Reykjavík

Lögmennt Lækjargötu ehf

Lækjargötu 2
101 Reykjavík

NORDIK lögfræðisþjónusta slf.

Skólavörðustíg 24
101 Reykjavík

ÓK Lögmennt slf.

Gufunesvegi
112 Reykjavík

Pacta lögmennt

Katrínartúni 4
105 Reykjavík

Sigurður I. Halldórsson hdl.

Síðumúla 13
108 Reykjavík

Sigurjónsson & Thor ehf.

Lágmúla 7
108 Reykjavík

Valva lögmennt slf.

Túngötu 14
101 Reykjavík

Vík lögmannsstofa ehf.

Laugavegi 77
101 Reykjavík

HAFNARFJÖRDUR

Lögmennt Thorsplani sf.

Fjarðargötu 11
220 Hafnarfirði

STYKKISHÓLMUR

Málflutningsstofa Snæfellsness

Borgarbraut 2
340 Stykkishólmi

AKUREYRI

Lögmannshlið lögfræðisþjónusta ehf.

Glerárgötu 36
600 Akureyri

JÓLA-MÖRÐUR

Íslands óhamingju verður allt að vopni, hugsaði Mördur þegar hann las um að bráðabirgðaheimild til þess að viðhafa rafræna málsmeðferð fyrir héraðsdómi yrði framlengd vegna þessarar kórónuveiru. Nú yrði hnignun réttarríkisins fyrst að veruleika þegar stafrænt réttarfar myndi tröllríða öllu og hvað þá þeirri réttarfarslegu snilld og þrætubók sem Mördur hafði allan starfsferil sinn verið að sérhæfa sig í og fínþússa. Synja um fresti, málskostnaðartryggingar, formskilyrði, fjöldi eintaka, ólæsileg skjöl og annmarkar á formi var eiginlega það eina sem Mördur var virkilega góður í. Nú myndi það væntanlega allt hverfa með þessari rafrænu þráhyggju.

„Það er formið sem skiptir máli en ekki efnið“, þrumaði hann iðulega þegar hann flutti mál fyrir nýjum héraðsdómurum sem virtust alltaf verða yngri og yngri með hverri skipan og þar með fjarlægari þeirri lögfræði sem Mördur þekkti og elskaði. O, tempura o, mórís, hugsaði hann og andvarpaði.

Mördur hafði aldrei verið sleipur í dönsku eða ensku enda stefndi hugur hans snemma á guðfræði eða lögfræði þar sem lítil not yrði fyrir kjaftasnakk á erlendum tungum. Þegar hann kom hins vegar í lagadeildina var stór hluti af pensúminu í júsnum á dönsku. Merði fannst það alltaf klént og merki um niðurlægingu íslenskrar lögfræði að mikill hluti hennar væri kenndur á dönsku löngu eftir lýðveldisstofnun. Hvurn fjárann varðaði hann um það hvað þessir kallar allir Gomard, Ussing og Kruse létu frá sér í langhundum um réttarstöðuna í Danmörku?

Mördur tók því af þjóðernisástæðum ekki þátt í þeirri iðju sem samnemendur hans viðhöfðu að sletta í tíma og ótíma meginreglum á dönsku eða latínu til þess að virðast vera gáfaðri og meiri fyrir vikið. Þetta var sérstaklega mikil plága í víxlainnheimtunni þegar nýbakaðir fulltrúar, blautir bak við eyrun, þvöðruðu endalaust um a vista, a viso, a dato og avalista. Þótt flestu hefði farið aftur eftir að víxlarnir hurfu í viðskiptum saknaði hann ekki þessara tilgerðarlegu latínugrána.

Í þeirra stað var hins vegar komin önnur óværa í stéttina. Margir lögmenn geta ekki opnað munninn eða skrifað nokkurn skapaðan hluta nema að flækja mannréttindum og einhverjum Evrópurétti þar inn í og svo smitaðist öll þessi vitleysa í málaferli fyrir dómstólunum.

Mördur hafði flutt mál fyrir fränku sína gegn ríkinu, sem var einfalt endurkröfumál í eðli sínu, en lögmaður ríkisins hafði hins vegar lagt fram þverhandarþykkan bunka af einhverjum díríktífum, dómum og fordómum einhvers af þessum óteljandi dómstólum í þessu bákni. Og dómarrinn, sem líka var frekar ungur og sérmenntaður í öllum þessum fræðum og hjávisindum, hafði að sjálfsögðu étið allt þetta eins og nýja ýsu með kartöflum og sýknað með vísan í allt þetta fimbulfamb. Var það ekki skýrt í Gamla sáttmála að við fengjum að vera hér í friði fyrir afskiptum erlendra konunga og lénsmanna þeirra? Erum við ekki fullvalda þjóð og sjálfstæð? Nei, um það vissu þessi lögbörn ekki neitt og dómstólarnir ekki heldur.

Bara einu sinni hafði Mördur verið beðinn um að taka að sér mál sem tengdist einhverri af þessari Evrópuvitleysu. Um miðjan níunda áratuginn kom maður til Marðar sem var afskaplega ósáttur við það að hafa verið tekinn og sektaður fyrir að brjóta gegn stöðvunarskyldu. Vildi hann fá Mörd til þess að verja sig í málinu enda hefði hann verið hafður fyrir rangri sök og vildi fara með málið alla leið til Mannréttindanefndarinnar í Strassborg ef það tapaðist í sakadóminum. Mördur hafði ekki tíma til þess að taka svona smámál að sér þar sem hann hafði nýverið fengið stóra innheimtu fyrir útibú Útvegsbankans. Þar fyrir utan væri það alveg ljóst að maðurinn hefði brotið stöðvunarskyldu og þá dygði ekkert að vitna í einhverja mannréttinasáttmála sem tæki fyrst og fremst til einhvers alvarlegs sem gerðist í útlöndum og hefðu, þar fyrir utan, ekkert gildi á Íslandi. Mördur fékk síðan ekki innheimtuna vegna misskilnings og misgánings, eins og þeir sögðu hjá bankanum, svo hann ákvað að heyra aftur í manninum um hvort hann vantaði aðstoð. „Nei takk ég er kominn með þennan ljómandi fína lögfræðing sem ætlar að fara með málið alla leið fyrir mig – þetta er hvorki meira né minna en mál sem snýst um grundvallarréttindi,“ sagði hann. Grundvallarréttindi? Hvaða vitleysa er þetta eiginlega? Maðurinn stoppaði ekki á stöðvunarskyldu! Væri þessum lögmanni ekki nær að reyna að ná sér í einhverja góða innheimtu? hugsaði Mördur og hélt áfram að skrifa fjárnámsbeiðni vegna víxils án afsagnar sem ekki hafði verið borgaður við sýningu.

BRÉFASKIPTI FÉLAGSINS VIÐ EMBÆTTI LÖGREGLUSTJÓRA

Eins og fjallað var um í Lögmannablaði 3/2020 sendi Lögmannafélagið erindi til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem farið var fram á upplýsingar um hversu oft embættið hafi tilnefnt sakborningi verjanda á grundvelli IV. kafla sakamálalaga nr. 88/2008 frá 2017 og fram á mitt ár 2020, hversu margir lögmennt hefðu verið skipaðir eða tilnefndir í umræddum málum á tímabilinu, hvernig vali þeirra hefði verið háttað og hlutfall þeirra innbyrðis. Jafnframt var í bréfi félagsins farið fram á að upplýst yrði með hvaða hætti aðilar, sem fá réttarstöðu sakbornings í tengslum við rannsókn mála hjá embættinu, eru upplýstir um rétt sinn til lögmannsaðstoðar og farið fram á að embættið áréttaði við starfsmenn sína að nota bakvaktarsíma félagsins þegar kalla þyrfti til verjanda eða réttargæslumann.

Tilfni fyrirspurnar og áréttingar félagsins var að þrátt fyrir að málum, t.a.m. kynferðisbrotamálum og öðrum ofbeldismálum hafi fjölgað umtalsvert á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár, hefur sú þróun ekki endurspeglast í fjölgun símtala á bakvakt lögmanna. Til að mynda höfðu vakthafandi lögmönnum aðeins borist 15 símtöl í gegnum bakvaktarsímann fyrstu sjö mánuði ársins 2020 borið saman við 24 símtöl á sama tímabili árið 2019, 21 árið 2018 og 65 símtöl árið 2017.

Í svari embættisins, sem félaginu barst um miðjan nóvember síðastliðinn, kemur m.a. fram að fylgt sé sérstökum verklagsreglum sem byggðar séu á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Þannig sé aðili, sem hefur verið handtekinn, upplýstur um réttarstöðu sína og rétt til lögmannsaðstoðar og séu þessi réttindi hlutaðeigandi áréttuð við skýrslutöku. Þá sé sakborningi ávallt gefinn kostur á að benda á tiltekinn lögmann til að gæta hagsmuna sinna.

Ekki er upplýst í svari embættisins hvernig vali á lögmanni er háttað þegar sakborningur bendir ekki á tiltekinn lögmann til að annast hagsmunagæsluna. Þá færðist embættið undan því að svara spurningum félagsins varðandi fjölda mála þar sem sakborningi hefur verið tilnefndur verjandi á tilteknu

tímabili, hversu margir lögmennt hafi verið tilnefndir í þeim málum, hvernig vali á þeim hafi verið háttað og hvert hlutfall þeirra hafi verið innbyrðis og því borið við að ekki sé unnt að verða við beiðni um slík sökum mikillar vinnu sem slík samantekt kallar á. Þá upplýsti embættið að árétting félagsins á notkun bakvaktarsíma þess hafi verið send öllum starfandi lögreglumönnum hjá embættinu í lok október sl.

Í framhaldi af framangreindum viðbrögðum lögreglustjóraembættisins hefur Lögmannafélagið nú sent embættinu annað bréf þar sem fyrri krafa um upplýsingar er ítrekuð, m.a. með vísan til þess að um mikilvægt réttaröryggismál sé að ræða.

Líkt og rakið er hér að framan hefur símtölum lögreglu í bakvaktarsíma lögmanna fækkað jafn og þétt undanfarin misseri en einungis níu símtöl bættust við listann mánuðina ágúst, september og október. Hins vegar vekur athygli að í nóvembermánuði einum, eftir að starfandi lögreglumenn fengu áréttingu félagsins senda, voru 13 símtöl skráð í bakvaktarsímann - sem er um 35% heildarfjölda símtala ársins.

II

ER MUNNLEGUR MÁLFLUTNINGUR ÓÞARFI?

HEIÐAR ÁSBERG ATLASON, FYRRVERANDI HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR



Ég valdi það starf að vera lögmaður. Held að mikið áhorf á Matlock forðum hafi haft þar einhver áhrif enda var hann svakalega flottur í ljósgráu jakkafötunum sínum þótt þættirnir eldist illa. Ég varð hæstaréttarlögmaður árið 2010. Þá fannst mér ég hafa náð hæstu hæðum í lífinu. Síðan var titlinum breytt með tilkomu Landsréttar. Í dag er ég lögmaður og finnst frekar flott að vera *fyrirverandi hæstaréttarlögmaður*. Jafnvel bæði eldri og reyndari fyrir vikið. Er meira að segja orðinn gráhærður segja kunnugir. Mér finnst gaman í vinnunni og einkum að stunda málflutning fyrir dómi.

Vinnufundur réttlætisins

Það er kennt í laganámi að málflutningur fyrir dómstólum sé að meginstefnu til munnlegur og á því byggir okkar réttarfar. Í einkamálum eru engu að síður lagðar fram skriflegar stefnur og greinargerðir sem eiga að vera gagnorðar þótt þær hafi verið að lengjast í seinni tíð. Við því hefur réttilega verið amast af hálfu dómstóla enda á málflutningur að vera munnlegur að meginstefnu. Þannig eru reglurnar allavega. Í skriflegum málflutningi eru efnisleg rök færð fram og við áfrýjun mála milli dómstiga bætast við fleiri greinargerðir og skjöl eftir atvikum. Síðan eru mál munnlega flutt fyrir dómstólum landsins.

Töluvert hefur verið skrifað um tilgang munnlegs málflutnings. Dómarar og lögmenn virðast sammála að hann sé mikilvægur hluti málsmeðferðarinnar og kjarninn í starfi málflutningsmanna. Garðar Gíslason, þáverandi dómari í Hæstarétti, tók þátt í rökstólum í 51. árgangi af Úlfjótí árið 1998. Um málflutning fyrir dómi sagði Garðar m.a. „*Þarna eru menn samankomnir á vinnufundi til þess að leita réttlætisins, á þann hátt sem við höfum fengið í arf frá forn-Grikkjum, að sannleikurinn komi fram ef menn setji fram bestu rök með og móti sköðunum, gagnrýni þær og finni niðurstöðuna.*“

Vinnufundur til að leita réttlætisins? sagði dómariinn.

Fleiri en Garðar hafa kallað munnlegan málflutning *vinnufund* dómara og lögmanna enda er það viðeigandi heiti. Það er enda verið að fara yfir málið af hálfu þjóna réttlætisins, lögmanna og dómara. Á þeim vinnufundi eiga lögmenn að draga fram fyrir dómara það helsta sem lögð er áhersla á í málinu; það sem *skiptir máli* fyrir úrlausn þess. Einstaka dómarar ákveða fyrirfram í samráði við lögmenn hvar áherslur málflutnings eigi að liggja og afmarka þannig álitamálin með skýrum hætti. Hefur mikilvægi munnlegs málflutnings aukist að mati lögmanna eftir því sem mál vaxa að gögnum og skriflegum málflutningi enda er þá hætta á að aðalatriðin týnist. Þess vegna er mikilvægt að munnlegur málflutningur sé skýr og hnitmiðaður. Fjalli um það sem máli skiptir að mati þess sem flytur málið til að sannleikurinn komi í ljós. Til að réttlætið komi fram.

Á vinnufundinum eiga sér iðulega stað rökræður um einstök atriði sem reynir á við úrlausn málsins. Hverjar eru staðreyndir málsins, hvað er umdeilt og hvað ekki, hvaða málsástæður og lagarök skipta máli, hvaða þýðingu eldri dómafordæmi og fræðiskrif hafa, hvernig beri að túlka gildandi rétt og svo mætti lengi telja áfram. Þá reynir virkilega á lögmenn. Það þarf að flytja málið með skýrum hætti svo dómari leggi við hlustir og skilji mikilvægi þess sem um er fjallað og hvað það er sem skiptir mestu máli.

Ef lögmaður kann málið vel og þekkir lögin þá ætti vel að ganga. Svo lengi sem hann hefur gott mál að flytja.

Saga úr Hæstarétti

Þann 14. október sl. flutti ég mál í Hæstarétti nr. 19/2020; þb. EK1923 ehf. gegn Sjöstjörnunni ehf. og gagnsök. Hafði skjólstaðingur minn tapað málinu í héraðsdómi Reykjavíkur en unnið í Landsrétti. Áfrýjunarleyfi var veitt og málið var flutt í þriðja sinn fyrir æðsta dómstóli landsins, Hæstarétti Íslands. Var ég þar til varnar.

Í málflutningi í Hæstarétti vék lögmaður gagnaðila ekki einu orði að aðal- eða varakröfu sinni en þær kröfur snéru að því hvort hægt væri að rifta tilteknum ráðstöfunum vegna skiptingar á fasteign út úr félagi á árinu 2014. Vékk lögmaðurinn ekki að þeim kröfum einu orði eða málatilbúnaði að baki þeim. Allur málflutningur gagnaðila fór í þrautarvarakröfu sem var í stuttu máli innheimta meintrar skuldar en það var sú krafa sem héraðsdómur hafði fallist á en Landsréttur snúið við. Ég flutti málið til varnar og svaraði því til sem gagnaðili hafði fram að færa, enda snýst munnlegur málflutningur um það að svara því sem málið fjallar um. Fékk ég fáeinar spurningar sem ég átti í engum vandræðum með að svara en þær snéru ekki að því sem málið var dæmt á enda ekkert á þær kröfur minnst. Var ég reyndar stoppaður í málflutningi en forseti réttarins hafði, fyrir mistök, dregið verulega framúrkeyrslu gagnaðila frá mínum málflutningstíma, en bakkaði síðar með það. Það er á sama tíma umhugsunarvert að kollegi minn hafi farið verulega fram yfir sinn tíma án þess að hann hafi fengið athugasemdir eða verið stoppaður.

Ég viðurkenni að ég var virkilega ánægður með dagsverkið að loknum málflutningi. Var nokkuð sigurviss. En það er ekki gott að vera dómari í eigin sök.

Dómur féll í málinu þann 29. október sl. Þar var niðurstöðu Landsréttar snúið við. Dómurinn féllst á varakröfu áfrýjanda, þótt ekki hafi verið einu orði að henni vikið í munnlegum málflutningi og málið því ekki að neinu leyti flutt um þá kröfu að efni til. Niðurstaðan var að tiltekin ráðstöfun á árinu 2014 hafi falið í sér *gjafagerning* í skilningi 131. gr. laga um gjaldþrotaskipti [o.fl.](#) nr. 21/1991 þar sem gefandinn hafi verið ógjaldfær þegar hún átti sér stað. Þessu var aldrei haldið fram í munnlegum málflutningi og skriflegum rökum þar að lútandi var ítarlega svarað. Mun ég fara nánar yfir efnisatriði dómsins á öðrum vettvangi síðar, hvernig túlkun á hugtakinu gjaldfærni hefur breyst og hvernig sönnunarkröfur eru orðnar í þessum málaflökki að mati Hæstaréttar.

Það sem er erfitt að skilja

Það sem er sérstaklega erfitt að skilja fyrir lögmanninn er að þessi álitamál komu aldrei fram í málflutningi í Hæstarétti. Um þessi atriði var aldrei spurt á vinnufundinum og var ekkert við þeim hreyft af hálfu gagnaðila. Er þetta sérstaklega bagalegt í ljósi nýrrar stöðu Hæstaréttar þar sem málum fyrir þeim dómstóli hefur fækkað mjög. En þau mál sem tekin eru til meðferðar eiga að veita dómurum hans svigrúm til að kveða upp vandaða og fordæmisgefandi dóma. Að mati þess sem þetta ritar er það ansi fjarri lagi hvað varðar umræddan dóm.

Það hefði verið gott að nýta vinnufundinn til þess að fara yfir þessi atriði sem Hæstiréttur telur eftir á að hafi skipt höfuðmáli en áfrýjandi sleppti að nefna, líkt og það hvort félagið hafi verið gjaldfært þegar hinar umþrættu ráðstafanir áttu sér stað. Það er afar sérstakt að afgreiða mál í kjölfar vinnufundar á atriði sem hvorki var borið upp á fundinum og því síður rætt. Nú þekki ég ekki hvernig það var á tímum forn-Grikkja en það má velta því fyrir sér hvort það samræmist 3. mgr. 186. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 að dæma mál á atriði sem aldrei er vikið að í málflutningi.

Það hlýtur að vera – eða í öllu falli ætti að vera – megintilgangur vinnufundarins að ná fram rökræðum og sjónarmiðum beggja aðila um stærstu álitafnin fyrir úrlausn málsins og það ætti að vera mikilvægur hlekkur í því að tryggja vandaða málsmeðferð. Auk þess sem ekki var vikið einu orði í málflutningi að ásökunum um gjafagerning, sem Hæstiréttur byggir niðurstöðu sína alfarið á, þá var þeim alfarið hafnað á fyrri dómstigum af samtals sex dómurum en á báðum lægri dómstigum var ítarlegur málflutningur um þau atriði af hálfu beggja aðila.

Ef vinnufundurinn á að ná markmiði sínu þá verða allir að taka þátt í honum. Dómararnir í Hæstarétti líka og þeir eru ekki yfir það hafnir. Kannski endurspeglar þetta viðhorf ákveðið virðingarleysi dómara Hæstaréttar fyrir starfi lögmannna? Mögulega fer virðing í garð þeirra þverrandi á móti. Við sem störfum á þessum vettvangi verðum að vinna að því að slíkt gerist ekki enda þarf að tryggja undirstöður réttarríkisins eins vel og hægt er. Ber að lesa þetta greinarkorn mitt í því ljósi.

Það eina sem ég get huggað mig við í lokin er að ég get í fullri einlægni sagt og sannað að málið tapaðist allavega ekki í málflutningi.



GUÐRÚN OLSEN LÖGMAÐUR OG BERGPÓR BERGSSON LÖGFRÆÐINGUR

ERU LÖGMENN MEÐ EINOKUN Á MARKAÐI FYRIR LÖGFRÆÐILEGA ÞJÓNUSTU?

Nokkur umræða hefur skapast á Íslandi síðustu misseri um samkeppni á markaði fyrir lögfræðilega ráðgjöf. Umræðan um slík mál er þó mun háværi í Danmörku þar sem ýmsir telja að lögmennstofur þar hafi skapað ákveðinn einokunarmarkað fyrir þjónustu sem aðrir þjónustuaðilar, t.d. endurskoðunarfyritæki, geti einnig veitt. Sömu gagnrýnisráðgjafar segja að þessar markaðsaðstæður hafi hækkað verð á þjónustu lögmanna umfram eðlilega samkeppni.

Þessi umræða hefur valdið því að danska Samkeppniseftirlitið (d. Konkurrencerådet) hefur hafið rannsókn á málinu.

Skýrsla danska Samkeppniseftirlitsins

Í febrúar 2019 tilkynnti danska Samkeppniseftirlitið að rannsókn væri hafin á samkeppnismarkaði danskra lögmanna.¹ Í fréttatilkynningu eftirlitsins kom fram að rannsóknin næði yfir þjónustu allra lögmennstofa, jafnt stórra sem lítilla og alla þá þjónustu sem slíkar stofur

þjóða upp á. Rannsóknarskýrsla Samkeppniseftirlitsins er væntanleg á næsta ári en eftirlitið lauk við fyrstu drög að henni í byrjun ágúst. Þau drög voru ekki ætluð til birtingar en engu að síður láku út fréttir af innihaldi skýrslunnar til fjölmiðla.

¹ Sjá nánar hér: <https://www.kfst.dk/pressemeddelelser/kfst/2019/20190208-konkurrenceradet-undersoger-konkurrencen-i-advokatbranchen/>

Fréttir herma að skýrslan taki meðal annars eftirfarandi atriði fyrir:

1. Eignarhald á lögmannsstofum og hvort rýmka eigi núverandi reglur

Halda skal til haga að í Danmörku er ekki skylt að allir eigendur lögmannstofa séu lögmennt svo lengi sem sameiginlegur eignarhlutur eigenda, sem ekki eru lögmennt, sé undir 10%, sbr. 2. mgr. 124. gr. c í dönsku lögnum um einkamálaréttarfar (d. retsplejeloven). Sú lagabreyting átti sér stað árið 2007.

2. Skortur á samkeppni hvað varðar úthlutun þrotabúa

Fréttir herma að í skýrslunni sé rætt um að endurskoða reglur um hvernig þrotabúum sé úthlutað en að núverandi reglur stuðli að einokun á markaðnum.² Hagsmunasamtök endurskoðenda í Danmörku, FSR, hafa m.a. lýst yfir miklum áhuga á því að fá að komast inn á þann markað.

3. Laun og þóknun lögmannna

Mikið hefur verið rætt hvort að þóknun lögmannna, sem og laun eigenda á stærstu lögmannsstofum í Danmörku, sé of há miðað við verð á markaði þar sem raunveruleg samkeppni ríkir. Nýjustu fregnir herma að eigendur á stærstu lögmannsstofum Danmerkur séu með laun á við forstjóra stærstu fyrirtækja landsins.³ Gagnrýnin snýr jafnframt að því að þóknun lögmannna fyrir ráðgjöf sé að jafnaði talsvert hærri en þóknun ráðgjafa úr öðrum stéttum.

Athugasemdir danska Lögmannafélagsins

Lögmannafélagið í Danmörku (d. Advokatsamfundet) hefur sagt að það sé áhyggjuefni að fjölmiðlar hafi handvalið ýmis álitafni úr skýrsludrögnum og skrifað um þau. Fréttaflutningur af skýrslunni hafi því ekki tekið mat af skýrslunni í heild sem og að um sé að ræða skýrsludrög.

Lögmannafélagið hefur jafnframt bent á að það sé mikilvægt að draga línu á milli þess að afnema reglur til að auka samkeppni á sviði lögfræðilegrar ráðgjafar og að afnema reglur til að auka samkeppni á milli lögmannna. Það er, lögmaður er lögverndað starfsheiti sem gerir ráð fyrir

ákveðinni fagmennsku og þekkingu, sem og að lögmennt lúta siðareglum sem gilda ekki fyrir aðra ráðgjafa. Um lögmennt gildi jafnframt strangar ábyrgðarreglur. Því sé það ekki æskilegt að ætla að auka samkeppni á milli lögmannna.

Ráðgjafafyrirtækið Boston Consulting Group (BCG) hefur að beiðni danska Lögmannafélagsins rannsakað samkeppnisaðstæður á markaði fyrir lögfræðipjónustu í Danmörku og metið hvort afnám fyrrnefndra reglna sé vænlegt til þess að auka samkeppni og leiða til lægra verðs fyrir viðskiptavini.⁴ Meginniðurstaða skýrslunnar er að samkeppni á markaðinum sé mikil og er vísað m.a. til þess að markaðshlutdeild lögmannsstofa sé eingöngu 34% af heildarmarkaði fyrir lögfræðipjónustu í Danmörku. Þar að auki fjallaði BCG um sambærilega lagabreytingu sem átti sér stað í Bretlandi árið 2011 sem hefur ekki leitt til þess að samkeppnin hafi aukist sem og að kostnaður þar fyrir lögfræðipjónustu frá þeim tíma hefur hækkað um 22%.

Sambærileg þróun á Íslandi hvað varðar endurskoðunar-fyrirtæki

Markaðsþróun á Íslandi er nokkuð áþekk þeirri þróun sem hefur átt sér stað í Danmörku á síðustu misserum og ljóst að lögmennt eru ekki þeir einu sem veita lögfræðipjónustu. Umræðan á Íslandi endurspeglar einnig að nokkru leyti þá umræðu sem átti sér stað í Danmörku fyrir nokkrum árum og þá sérstaklega hverjir mega veita lögfræðilega ráðgjöf og eiga lögmannsstofur.

Áhugavert verður að fylgjast með því hvort farið verði í sambærilega vinnu á Íslandi og þá sérstaklega hvort tekið yrði á sömu atriðum og hefur verið lekið um núverandi rannsókn danska Samkeppniseftirlitsins. Verði svo má leiða að því líkum að skýrsla danska Samkeppniseftirlitsins, og hvernig unnið verður úr henni, mun nýtast sem leiðarvísir fyrir það hvernig takast á við sambærileg vandamál á Íslandi.

² Sjá nánar hér: <https://www.berlingske.dk/business/hemmelig-rapport-et-af-advokatbranchens-fedeste-ben-skal-gnaves-af>

³ Sjá nánar hér: <https://www.berlingske.dk/business/hemmelig-rapport-toppartnere-i-store-advokatfirmaer-tjener-over-11-mio>

⁴ Sjá nánar hér: <file:///C:/Users/Gu%C3%B0r%C3%BAAn%20Olsen/Downloads/Ledelsesresum%C3%A5%20markedet%20for%20juridiske%20ydelse.pdf>

Síðasta vetur settust félagar í öldungadeild Lögfræðingafélags Íslands niður í betri stofunni í Gunnarshúsi á Dyngjuvegi 8 Reykjavík og sögðu sögur af lögfræðingum. Í síðasta blaði voru sögur af Jóni E. Ragnarssyni en nú er komið að öðrum minnisverðum lögfræðingi.

SÖGUR AF

DR. GUNNLAUGI ÞÓRÐARSYNI



Árið 1990 fékk dr. Gunnlaugur Þórðarson samþykktu tillögur á aðalfundi LMFÍ um að félagið léti reisa minnisvarða við Goðafoss um þann atburð þegar Þorgeir Ljósveitningagoði lagðist undir feld í þrjá daga áður en hann leiddi til lykta deilu Ásatrúarmanna og kristinna á Þingvöllum árið 1000. Næstu áru sló stjórn félagsins vinnu málsins sífellt á frestu og á endanum gafst dr. Gunnlaugur upp og tók málið í sínar hendur. Hér stendur dr. Gunnlaugur við hlið stuðlabergsdranga sem hann lét setja niður við fossinn.

Ekið upp Arnarhól með ráðuneytisstjóra

Einhvern tímann var dr. Gunnlaugur á Land Rover jeppanum á ferð í miðbænum og ók fram á Baldur Möller ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytisins þar sem hann var að ganga í vinnuna. Dr. Gunnlaugur bauð Baldri far en þegar hann var að aka framhjá Arnarhóli þá tók hann sig til og fór beint yfir hólinn. Lögregluþjónn varð vitni að athæfinu, stoppaði dr. Gunnlaug sem skrúfaði niður rúðuna og spurði: „Veistu hver situr hér við hliðina á mér? Sjálfur ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytisins!“ Það urðu ekki meiri eftirmálar af þessu.

Dr. Gunnlaugur kaupir Austin mini

Dr. Gunnlaugur ók alltaf um á Land Rover. Einn daginn þegar dr. Gunnlaugur var að aka upp Hverfisgötuna, að flýta sér í sakadóm, bilaði jeppinn. Hann lét hann renna upp á gangstétt, fór og keypti næsta bíl sem var til í umboðinu. Það var Austin mini.

„Hvor mange born har du?“

Í formannstíð Jóns Steinars Gunnlaugssonar fór Lögmannafélagið í ferð til Kaupmannahafnar. Dr. Gunnlaugur Þórðarson var með í för og var þá nýbúinn að fréttu af, og gangast við, stúlkubarni sem hann hafði eignast einum eða tveimur áratugum fyrr. Einn morguninn fóru lögmenirnir að skoða tölvufyrirtæki og voru allir frekar ryðgaðir og illa til hafðir eftir slark næturinnar. Þar flutti maður fyrirlestur um tæknimál framtíðar og gaf að því loknu kost á fyrirspurnum. Dr. Gunnlaugur spurði þá: „Hvor mange born har du?“

Maðurinn svaraði, dálítið hissa á spurningunni: „Jeg har tre.“

Þá spurði dr. Gunnlaugur: „Har du de alle med den samme kvinde?“

Bílnum gleymt í Hafnarfirði

Dr. Gunnlaugur var eitt sinn að reka erindi við sýslumanninn í Hafnarfirði og skildi bílinn eftir í gangi fyrir utan á meðan hann hljóp inn. Þegar hann kom aftur út var Hafnarfjarðarstrætó að renna að og dr. Gunnlaugur stökk upp í hann, án þess að muna eftir bílnum í gangi fyrir utan embættið.

Flug til Húsavíkur eins og gróðurhús

Dr. Gunnlaugur var mjög úrræðagóður. Hann fór til Snædísar dóttur sinnar reglulega þar sem hún bjó í Húsavík og tók þá með trjáplöntur. Eitt sinn ætlaði hann að senda plöntur með flugi norður en bíllinn var of seinn þannig að það var búið að loka fraktinni. Hann fór í Húsavíkurröðina og bað farþega að taka fyrir sig tvær plöntur í handfarangur. Vélin til Húsavíkur þennan dag var eins og lítið gróðurhús.

Listaverkasala

Dr. Gunnlaugur leigði húsnæði til listamanna og tók oft málverk upp í leigu þegar þeir voru blankir. Einn daginn kom dr. Gunnlaugur í Lögmannafélagið með stærðar málverk og spurði hvort hann mætti geyma það í stjórnarherberginu. Hann fékk að hengja málverkið upp en kom svo tveimur mánuðum síðar með reikninginn og þá var auðvitað ekkert hægt að gera annað en að borga.

Eyrún Ingadóttir tók saman



FORVINNSLA PRENTUN FRÁGANUR

Litla og prent

KOMPÁS

FYRIR LÖGMENN OG LÖGMANNSSTOFUR



Það er ýmislegt sem netið hefur að geyma. Fræðslu- og þekkingarvefurinn Kompás er byggður á samstarfi fyrirtækja, stofnana, háskóla, stéttarféлага og fleiri um miðlun og gerð hagnýtrar þekkingar er lýtur að stjórnun og starfsmannahaldi fyrirtækja. Lögmanna- blaðið rýndi í hvað af því efni sem þar er í boði gæti komið sér vel fyrir lögmenn og lögmannsstofur.

Stjórnendur lögmannsstofa

Mikið af upplýsingum er um mannráðningar og hvað stjórnendur þurfa að hafa í huga við starfslok. Þá eru leiðbeiningar og hagnýt ráð varðandi starfsmannasamtöl og gagnleg eyðublöð til nota fyrir stjórnendur.

Ertu að stofna lögmannsstofu?

Í verkfærakistu Kompás eru helstu efnisþættir í góðri viðskiptaáætlun tíundaðir og hvernig gera á markaðsáætlun.

Breytingastjórnun

Leiðbeiningar eru um átta þrepa ferli breytingastjórnunar, Adkar módelið (sem er þekkt aðferðafræði á sviði breytingastjórnunar) og algeng mistök sem stjórnendur gera auk greina um hvernig takast eigi á við breytingar og andstöðu starfsmanna við þær.

Stefnumótun og markmiðasetning

Eyðublöð til markmiðasetningar eru á vefnum og svokallaðir lykilárangursmælikvarðar (Key Performance Indicators) kynntir. Allt til að setja upp framtíðarsýn í rekstri og flétta inn gæðaviðmið.

Ráðning starfsmanna

Hvað þarf að hafa í huga við ráðningu starfsmanna? Framkvæmd ráðningarferlis frá A-Ö er tíunduð, greining starfs og starfslýsing, gátlisti við ráðningu, spurningar í

ráðningarviðtölum, úrvinnsla ferilskráa og samanburður á umsækjendum. Þá eru uppköst að ráðningarsamningum, móttaka nýliða, innleiðing mentor-kerfis í fyrirtækjum, um launamál og fjöldi annarra upplýsinga á einum stað.

Samskipti við fjölmiðla

Gátlisti fyrir fyrirtæki um hvernig hafa á góð samskipti við fjölmiðla.

Í Kompás má auk þess finna:

- Viðbragðsáætlun og verkfæri í úrvinnslu eineltismála á vinnustað.
- Kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og ofbeldi. Eyðublöð og leiðbeiningar um hvernig takast á við slík mál.
- Jafnlaunavottun (leiðbeiningar um jafnlaunakerfi).
- Ábyrgð stjórnenda í netöryggismálum.
- Hvenær er best að deila efni á samfélagsmiðlum?
- Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn netárásum og vírusum.

Stutt kennslumyndbönd

- Dreifing valds og verkefna
- Erindi um leiðtoga
- Markmiðasetning
- Samningatækni
- Starfsmannajóga
- Starfsmannasamtöl
- Stefnumótun
- Stjórnun með aðferðum markþjálfunar
- Þekkingarstjórnun

Á tímum heimsfaraldrar

- Upplýsingaöryggi í fjarvinnu
- Góð ráð um heimavinnu
- Góð ráð um fjarfundi
- Tíu helstu atriði varðandi netöryggi

EI

NÝ LÖGMANNSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Alexander Örn Júlíusson

Lögmenn Lækjargata, Lækjargötu 2, 101 Reykjavík, sími: 512-1220

Maj-Britt Hjördís Briem

Samtök atvinnulífsins, Sigtún 33, 105 Reykjavík, sími: 591-0000

Yr Sigurðardóttir

LOGOS, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, sími: 540-0300

Marta Bryndís Matthíasdóttir

Draupnir lögmennsþjónusta, Borgartúni 28, 3. hæð, 105 Reykjavík, sími: 415-0150

Ellen Þóra Blöndal

Reitir fasteignafélag, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík, sími: 575-9000

Grimur Birgisson

Kauphöll Íslands, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, sími: 525-2800

NÝ LÖGMANNSRÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Andri Andrason

Juris slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík, sími: 580-4400

Theodór Kjartansson

Embætti borgarlögmans, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, sími: 411-1600

Ágúst Ólafsson

Lagarök lögmennsstofa, Síðumúla 27, 108 Reykjavík, sími: 588-1177

Gísli Tryggvason

Gísli Tryggvason – lögmennsstofa, Kringlunni 4-6, 8 hæð, 103 Reykjavík, sími: 8973314

Leifur Runólfsson

RG lögmenn, Skipholt 50c, 105 Reykjavík, sími: 550-4060

Einar Farestveit

MAGNA lögmenn, Höfðabakki 9, 110 Reykjavík, Sími: 571-5400

Dóra Sif Tynes

Advel lögmenn slf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

NÝ LÖGMANNRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Saga Ýrr Jónsdóttir

VOX lögmennsstofa, Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík, sími: 531-1000

Lúðvík Bergvinsson

Bonafide lögmenn, Pósthússtræti 3, 101 Reykjavík, sími: 533-5577

Jón Þór Ólason

Jónatansson & Co. lögfræðistofa ehf., Suðurlandsbraut 6, 4. hæð, 108 Reykjavík, sími: 533-3434

ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

Eva H. Baldursdóttir

Mávahlíð 7, 105 Reykjavík, sími: 616-7747

Bjarki Sigursveinsson

Brekkuási 3, 220 Hafnarfirði, sími: 821-5644

Arndís Anna K. Gunnarsdóttir

Rauði krossinn, Efstaleiti 9, 103 Reykjavík, sími: 570-4000

BREYTINGAR Á HEIMILISFANGI

Sigrún Kristmannsdóttir Landvall

Landvall lögmennsstofa, Steinaborg 766, Djúpvogur, sími: 703777553

Guðjón Ólafur Jónsson

Slysabætur ehf., Síðumúla 29, 108 Reykjavík, sími: 588-0188

Hrafnkell Oddi Guðjónsson

Slysabætur ehf., Síðumúla 29, 108 Reykjavík, sími: 588-0188

Eva Dóra Kolbrúnardóttir

EVA lögmenn, Hafnartorgi, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími: 696-6070

Áslaug Björk Björnsdóttir

Lög og innheimta, Hallveigarstígur 1, 101 Reykjavík, sími: 416-4000

Sigurður G. Guðjónsson

Höfðabakki 9, D hús, 110 Reykjavík, sími: 416-3100

Björgvin Þorsteinsson

Draupnir lögmennsþjónusta, Borgartún 28, 3. hæð, 105 Reykjavík, Sími: 415-0150

Gestur Gunnarsson

Draupnir lögmennsþjónusta, Borgartún 28, 3. hæð, 105 Reykjavík, Sími: 415-0150

Helga Björg Jónsdóttir

Draupnir lögmennsþjónusta, Borgartún 28, 3. hæð, 105 Reykjavík, Sími: 415-0150

Ingunn Ósk Magnúsdóttir

Officio lögmenn, Hafnarstræti 6, 400 Ísafirði, sími: 519-4848

Bragi Rúnar Axelsson

Officio lögmenn, Hafnarstræti 6, 400 Ísafirði, sími: 519-4848

Sverrir Sigurjónsson

Land lögmenn, Borgarbraut 61, 310 Borgarnes, sími: 662-4422

Þórir Örn Árnason

Lög og innheimta ehf., Hallveigarstígur 1, 101 Reykjavík, sími: 416-4000

Hlöðver Kjartansson

Lögsýslan ehf., Lundur 9, 200 Kópavogur, sími: 893-4391

Guðmundur Njáll Guðmundsson

GNL lögmennsþjónusta, Skeifunni 19, 3. hæð, 108 Reykjavík Sími: 663-8698

NÝR VINNUSTAÐUR

Ása Bergsdóttir Sandholt

Hafnarfjarðarkaupstaður, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði, sími: 585-5500

Ólafur V. Thordersen

Íslenzka málflytningisstofan, Skipholt 50c, 105 Reykjavík, sími: 777-1210

Friðleifur E. Guðmundsson

FG consulting slf., Hafnartorgi 3, 101 Reykjavík, sími: 661-4585

Helgi Brynjarsson

Lagastoð lögfræðiþjónusta, Lágmúli 7, 108 Reykjavík, sími: 516-4000

Ingólfur Kristinn Magnússon


Alpha lögmenn, Síðumúli 25, 108 Reykjavík, sími: 789-2299

Snæbjörn Valur Ólafsson

Ropes & Gray, 60 Ludgate Hill, London EC4M 7AW, sími: 020 3201 1500

Sigríður Logadóttir

Garðabær, Garðatorgi 7, 210 Garðabær, sími: 525-8570



Vinsæli fjórhjóladrifni rafbíllinn

Audi e-tron 50 quattro er drifinn aflgjafa íslenskrar náttúru. 100% rafdrifinn sportjeppi með allt að 341 km drægni sem kemur þér í rafmagnað samband við landið allt. Með 600 lítra farangursrými að aftan að viðbættum 60 lítrum að framan tekurðu með þér það sem þig langar. Fjórhjóladrifinn rifur hann sig í hundraðið á undir sjö sekúndum og nýtur fulltingis allra nýjustu tækni og aðstoðarkerfa sem halda þér á jörðinni.

e-tron 50



50 ára samleikur

Veldu þinn uppáhalds e-tron á www.hekla.is/audisalur



Basic

8.890.000 kr.

- ▶ MMI Navigation Plus
- ▶ Íslenskt leiðsögukerfi
- ▶ Stafrænt mælaborð
- ▶ Loftþrúðafjöðrun
- ▶ Nálgunarvarar að framan og aftan
- ▶ Audi hljómkkerfi - 10 hátalarar 180w
- ▶ Tveggja svæða sjálfvirk loftkæling
- ▶ LED aðaljós að framan og aftan
- ▶ Metallic lakk
- ▶ 20" álfelgur - 5 arma
- ▶ Hiti í stýri
- ▶ Langbogar ál
- ▶ Bakkmyndavél
- ▶ Geymslupakki

Advanced

9.690.000 kr.

- Búnaður umfram Basic:
- ▶ Leður/leðurlíki áklæði á sætum
 - ▶ Samlitun
 - ▶ Rafmagn í framsætum og minnisstillingar fyrir bílstjórásati
 - ▶ Mjóbaksstuðningur
 - ▶ Dökkar rúður að aftan
 - ▶ Lyklalaust aðgengi

Advanced S-line

10.690.000 kr.

- Búnaður umfram Advanced:
- ▶ Langbogar svartir
 - ▶ 21" álfelgur - 15 arma
 - ▶ Bang & Olufsen hljómkkerfi
 - ▶ S-line sportpakki
 - ▶ Alcantara/leðuráklæði með S-line logo
 - ▶ Sportsæti að framan
 - ▶ Audi stafrænt mælaborð plus
 - ▶ Þakklæðning í svörtu
 - ▶ Efri hluti mælaborðs í leðri og neðri hluti leðurlíki
 - ▶ Hiti í stýri + Sportstýri
 - ▶ Álínlegg í innréttingu
 - ▶ Svartur útlitspakki
 - ▶ Ambient innljósupakki
 - ▶ Þægindararmpúði milli framsæta

